

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B54-57

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 54-57

Nr. 365-397

2004

Efnisyfirlit B 54–57 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
365	24. apríl	Auglýsing um bann við innflutningi frá Texas fylki í Bandaríkjunum Norður-Ameríku vegna hæsnapestar (Avian Influenza)	973
366	28. apríl	Reglugerð um (5.) breytingu á reglugerð nr. 948/2000 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði með síðari breytingum	974
367	30. apríl	Reglugerð um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2004	975-976
368	20. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð um barnamat fyrir ungbörn og smábörn, nr. 140/2003	977-979
369	26. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, íbúðarsvæði, Einholt	979
370	28. apríl	Reglugerð um karfaveiðar fiskiskipa frá Evrópusambandinu í fiskveiðilandhelgi Íslands 2004	980-983
371	20. apríl	Reglur um takmörkun á fjölda nemenda við innritun í Háskólann á Akureyri	983-985
372	29. apríl	Reglur um bann við netaveiði göngusilungs við Faxaflóa, Skjálfanda og Pistilfjörð	985
373	29. apríl	Reglur um bann við netaveiði göngusilungs við Eyjafjörð ...	986
374	21. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð um Umferðarráð, nr. 86 30. janúar 1997	986
375		Reikningur Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar 2003	987
376	26. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Sel í Grímsnesi	987
377		Reikningur Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinsonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 2003	988
378	26. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018, svæði við Réttarholtsveg	988
379	26. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010, Strandgata	989
380	26. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Brúarland	989
381	21. apríl	Auglýsing um deiliskipulag í Bláskógabyggð	990
382	20. apríl	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014	990
383	20. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Keflavíkurhöfn, Reykjanesbæ	991
384	20. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013, Arnargerði	991
385	19. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð um varnarefnaleifar í matvælum, nr. 121/2004	992-997
386	27. apríl	Reglugerð um (7.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru	997-1007

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 2004

24. apríl 2004

973

Nr. 365

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Texas fylki í Bandaríkjum Norður-Ameríku vegna hæsnapestar (Avian Influenza).

1. gr.

Með vísan til þess að upp hefur komið hæsnapest í Texas fylki í Bandaríkjum Norður-Ameríku, en hæsnapest er skæður fuglasjúkdómur sem dreifst getur með millírkja-viðskiptum, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Texas fylki Bandaríkja Norður-Ameríku.

2. gr.

1. gr. á þó ekki við um afurðir fugla sem slátrað var fyrir 27. janúar 2004.

3. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 23. ágúst 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. apríl 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 55 – 2004

Nr. 366

974

28. apríl 2004

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 948/2000 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði með síðari breytingum.

1. gr.

Gildistöku reglugerðar nr. 304/2004 um (4.) breytingu á reglugerð nr. 948/2000 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði, sem taka átti gildi 1. maí 2004, er hér með frestað til 1. ágúst 2004.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. apríl 2004.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 56 – 2004

30. apríl 2004

975

Nr. 367

REGLUGERÐ

um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2004.

1. gr.

Allar veiðar á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Við veitingu leyfa koma aðeins til greina skip sem aflamark hafa í síld úr norsk-íslenska síldarstofninum. Heimilt er að hefja síldveiðar 5. maí 2004.

2. gr.

Leyfi, sbr. 1. gr., tekur til veiða á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í lögsögu Íslands, Færeyja og á alþjóðlega hafsvæðinu milli Íslands og Noregs. Við veiðar í lögsögu Færeyja skal farið að reglum sem stjórnvöld þar setja um veiðarnar. Einnig tekur leyfið til veiða í lögsögu Svalbarða. Við veiðar þar skal farið að reglum sem norsk stjórnvöld setja um veiðarnar, enda séu þær settar á grundvelli samningsins um Svalbarða frá 9. febrúar 1920 og í samræmi við ákvæði hans.

3. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að svo stöddu að á tímabilinu 5. maí til 31. desember 2004 skuli heimilt að veiða samtals 128.205 lestir af norsk-íslenskri síld.

4. gr.

Um tilkynningar við síldveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda ákvæði reglugerðar nr. 447/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsveiðinefndarinnar (NEAFC) með síðari breytingum og taka þær tilkynningar einnig til veiða innan lögsögunnar. Um tilkynningar vegna veiða innan lögsögu Færeyja fer samkvæmt reglum færeyskra stjórnvalda.

5. gr.

Síldarafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Þó er heimilt, að fengnu leyfi Fiskistofu, að landa síldarafla til bræðslu í fiskimjölsverksmiðju í erlendri höfn, enda liggja fyrir að eftirlit með löndun og vigtun sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Þá er heimilt að landa síld til manneldis í erlendri höfn, enda sé síldin seld á opinberum fiskmörkuðum þar sem vigtunaraðferðir og eftirlit er viðurkennt af Fiskistofu. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtunarnótu.

Heimilt er að landa óvigtaðri síld um borð í vinnsluskip enda tilkynni skipstjóri veiðiskips Fiskistofu fyrirfram hvaða vinnsluskip taki aflann og áætlað löndunarmagn. Strax að lokinni löndun síldarinnar um borð í vinnsluskip, skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda síldarinnar. Þá er og heimilt að miðla afla úr nótt til skips, sem leyfi hefur til síldveiða í því skyni að koma í veg fyrir að síld sé sleppt dauðri úr nóttum.

Um vigtun á síld gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávaraflla með síðari breytingum, þó þannig að vegna vatnsinnihalds í síld skulu 2% af afla hvers skips, miðað við afla upp úr sjó, ekki dragast frá aflaheimildum þess.

Þegar norsk-íslensk síld er reiknuð til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,13.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út með stoð í henni varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Vegna afla umfram leyfilegt hámark skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla. Jafnframt er Fiskistofu heimilt að svipta skip leyfi til síldveiða vegna brota á reglugerð þessari.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. apríl 2004.

Árni M. Mathiesen.

Kolbeinn Árnason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um barnamat fyrir ungbörn og smábörn, nr. 140/2003.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Skilgreiningar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

- a) *Varnarefni* eru efni sem notuð eru m.a. gegn illgresi, sveppum og meindýrum við framleiðslu eða geymslu matvæla;
- b) *varnarefnaleifar* eru leifar af varnarefnum að meðtöldum umbrots-, niðurbrots- og myndefnum þeirra;
- c) *ungbörn* eru börn yngri en 12 mánaða;
- d) *smábörn* eru börn á aldrinum eins til þriggja ára.

2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Varnarefnaleifar.

Í tilbúnum barnamat þar sem korn er uppistaðan og öðrum barnamat skulu ekki vera nein efni í því magni sem stefnt getur heilsu ungbarna og smábarna í hættu. Þá skal hámarks-magn leifa þeirra varnarefna sem tilgreind eru í VII. viðauka ekki vera hærra en þar kemur fram. Hámarks-magn fyrir önnur efni í barnamat þar sem korn er uppistaðan og öðrum barnamat fyrir ungbörn og smábörn sem er tilbúinn til neyslu eða tilreiddur samkvæmt fyrirmælum frá framleiðanda skal vera 0,01 mg/kg.

Varnarefnin sem skráð eru í VIII. og IX. viðauka er óheimilt að nota við framleiðslu á landbúnaðarafurðum sem ætlaðar eru til framleiðslu á barnamat þar sem korn er uppistaðan og öðrum barnamat fyrir ungbörn og smábörn.

Við eftirlit gilda eftirfarandi viðmið um magn varnarefna:

- a) Varnarefnin í VIII. viðauka eru ekki talin hafa verið notuð ef leifar þeirra eru ekki meiri en 0,003 mg í hverju kg af barnamat eins og hann er tilbúinn til neyslu eða tilreiddur samkvæmt fyrirmælum frá framleiðanda enda er það minnsta greinanlegt magn þessara efna.
- b) Varnarefnin í IX. viðauka eru ekki talin hafa verið notuð ef leifar þeirra eru ekki meiri en 0,003 mg í hverju kg af barnamat eins og hann er tilbúinn til neyslu eða endurgerður samkvæmt fyrirmælum frá framleiðanda.

Nota skal staðlaðar og almennt viðurkenndar aðferðir við greiningu á magni varnarefnaleifa.

3. gr.

Við reglugerðina bætist eftirfarandi viðauki:

VII. VIÐAUKI

Hámarksgildi varnarefnaleifa í barnamat þar sem korn er uppistaðan og öðrum barnamat fyrir ungbörn og smábörn eins og hann er tilbúinn til neyslu eða tilreiddur samkvæmt fyrirmælum frá framleiðanda:

Efnaheiti	Hámarksgildi varnarefna eða niðurbrotsefna þeirra (mg/kg)
Kadúsafos	0,006
Demeton-S-metýl/demeton-S-metýl sulfon/oxýdemeton-metýl (saman eða í sitt hvoru lagi, gefið upp sem demeton S-metýl)	0,006
Etoprófos	0,008
Fípróníl (samanlagt fípróníl og fípróníl-dí-súlfinýl, gefið upp sem fípróníl)	0,004
Própríneb/própýlenþíóúrea	0,006

4. gr.

Við reglugerðina bætist eftirfarandi viðauki:

VIII. VIÐAUKI

Varnarefni sem óheimilt er að nota við framleiðslu á landbúnaðarafurðum sem ætlaðar eru til framleiðslu á barnamat þar sem korn er uppistaðan og öðrum barnamat fyrir ungbörn og smábörn:

Efnaheiti (skv. skilgreiningu á varnarefnaleifum)
Dísúlfon (samanlagt dísúlfoton, dísúlfoton súlfoxíð, dísúlfon sulfon, gefið upp sem dísúlfóton)
Fensúlfóþíon (samanlagt fensúlfóþíon, súrefnishliðstæðu þess og þeirra súlfónum, gefið upp sem fensúlfóþíon)
Fentin, gefið upp sem trífenýltín jákvætt hlaðin jón (tryphenyltín cation)
Haloxýfóp (samanlagt haloxýfóp, sölt þeirra efna og esterar á beygðu formi) gefið upp sem fensulfotíon
Heptaklór og <i>trans</i> -heptaklór epoxíð, gefið upp sem heptaklór
Hexaklórbensen
Nítrófen
Ómetoat
Terbúfos (samanlagt terbúfos, súlfoxíði þess og sulfóni, gefið upp sem terbúfos)

5. gr.

Við reglugerðina bætist eftirfarandi viðauki:

IX. VIÐAUKI

Varnarefni sem óheimilt er að nota við framleiðslu á landbúnaðarafurðum sem ætlaðar eru til framleiðslu á barnamat þar sem korn er uppistaðan og öðrum barnamat fyrir ungbörn og smábörn:

Efnaheiti
Aldrín og díeldrin, ritað sem díeldrin
Endrín

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 og til innleiðingar á tilskipun 2003/13/EB sem vísað er til í 4. tölul. XII. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópskt efnahagssvæði. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 20. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, íbúðarsvæði, Einholt.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. apríl 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að óbyggt almennt útivistarsvæði norðan Einholtis verður íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 26. apríl 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUGERÐ

um karfaveiðar fiskiskipa frá Evrópusambandinu í fiskveiðilandhelgi Íslands 2004.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til karfaveiða fiskiskipa frá Evrópusambandinu í efnahagslögsögu Íslands á tímabilinu 1. júlí - 31. desember 2004.

2. gr.

Aðeins þeim fiskiskipum sem fengið hafa sérstakt leyfi Fiskistofu er heimilt að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Evrópusambandið skal sækja um leyfi fyrir hvert skip á sérstöku eyðublaði eins og gert er ráð fyrir í viðbæti 1 við niðurstöðu fiskimálaviðræðna milli Íslands og Evrópusambandsins frá 25. október 1999.

Verksmiðjuskipum verður ekki veitt leyfi til veiða. Skip sem aðeins slægja og frysta fiskinn um borð teljast ekki verksmiðjuskip.

3. gr.

Á tímabilinu 1. júlí - 31. desember 2004 er skipum Evrópusambandsins sem veiðileyfi fá skv. 2. gr. heimilt að veiða allt að 3000 lestum af karfa. Meðafli sem fæst við karfaveiðarnar reiknast til þess kvóta. Ef einhver þorskur veiðist eða ef meðafli, annar en langhali, verður meiri en 10% aflans í einhverju hali, skal skipstjóri þegar í stað skipta um veiðisvæði og hlýta fyrirmælum eftirlitsmanns Fiskistofu í því efni. Íslensk stjórnvöld skulu upplýsa Evrópusambandið þegar meginhluti leyfðs heildarafla hefur verið veiddur. Þegar leyfilegur heildarafla hefur verið veiddur stöðva íslensk stjórnvöld veiðarnar.

4. gr.

Skipum frá Evrópusambandinu sem leyfi fá til veiða samkvæmt 2. gr. er aðeins heimilt að veiða á tveim svæðum í fiskveiðilandhelgi Íslands og markast þau af línunum sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

I. Suðvestur svæði

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 61°10'30 N - 27°59'68 V | 4. 63°06'00 N - 21°30'00 V |
| 2. 63°12'00 N - 23°05'00 V | 5. 63°03'00 N - 21°00'00 V |
| 3. 62°58'00 N - 22°25'00 V | 6. 59°58'62 N - 21°00'00 V |

Að sunnan markast svæðið af mörkum fiskveiðilögsögunnar.

II. Suðaustur svæði

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 60°09'77 N - 17°00'00 V | 5. 64°00'00 N - 12°30'00 V |
| 2. 63°10'00 N - 17°00'00 V | 6. 63°35'00 N - 12°21'00 V |
| 3. 63°36'00 N - 14°30'00 V | 7. 63°14'00 N - 11°23'00 V |
| 4. 63°53'00 N - 13°30'00 V | 8. 63°14'00 N - 10°40'00 V |

Að sunnan markast svæðið af mörkum fiskveiðilögsögunnar.

5. gr.

Aldrei skulu fleiri en 5 fiskiskip vera við veiðar í efnahagslögsögu Íslands samtímis. Til að tryggja framkvæmd þessarar reglu veitir Landhelgisgæsla Íslands upplýsingar um það hve mörg skip stundi veiðar hverju sinni.

6. gr.

Óheimilt er fiskiskipum að stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands nema eftirlitsmaður frá Fiskistofu sé um borð í skipinu.

Hyggist útgerð senda skip til veiða í efnahagslögsögu Íslands skal hún tilkynna Fiskistofu þá fyrirætlan og hvenær veiðar muni hefjast. Fiskistofa skal, svo fljótt sem mögulegt er, tilkynna hvar eftirlitsmaður muni koma um borð í skipið.

Útgerð skipsins getur óskað eftir því að eftirlitsmaðurinn komi um borð eða fari frá borði þar sem skipið leggur úr höfn eða í einhverri af þeim höfnum sem skráðar eru í viðbæti 2 við niðurstöður fiskimálaviðræðna Íslands og Evrópusambandsins frá 25. október 1999, með síðari breytingum. Skal ósk um eftirlitsmann komið til Fiskistofu með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

7. gr.

Eftirlitsmaður Fiskistofu skal fylgjast með veiðum og tryggja að farið sé að öllum reglum sem í gildi eru hverju sinni um veiðar í efnahagslögsögu Íslands. Hann skal og veita íslenskum yfirvöldum upplýsingar um veiðarnar.

Eftirlitsmaður Fiskistofu skal ekki búa við lakari skilyrði um borð en yfirmenn skipsins. Hann skal hafa alla þá aðstöðu sem hann þarf til að sinna skyldum sínum, þ.m.t. óhindraðan aðgang að fjarskiptatækjum til embættiserinda og öllum athafnasvæðum og skjölum um borð í skipinu.

Útgerð skipsins skal greiða eftirfarandi kostnað vegna eftirlitsmanns Fiskistofu um borð í fiskiskipi: Ferðakostnað til og frá þeirri höfn þar sem eftirlitsmaður kemur um borð eða fer frá borði, uppihald og launakostnað, sem nemur 185 ECU hvern dag sem eftirlitsmaður er um borð auk tveggja daga til ferðalaga. Krefjast má bankaábyrgðar eða fyrirframgreiðslu.

8. gr.

Áður en skip kemur inn í efnahagslögsögu Íslands skal tilkynna Landhelgisgæslunni um fyrirhugaðar veiðar með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

9. gr.

Skip sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 10.00 til 12.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi skal koma fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Afli síðasta sólarhrings eða afli frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða, sundurliðaður eftir tegundum.

10. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í efnahagslögsögu Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokatilkyning“ (exit report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Afli síðan síðasta aflatilkynning var send, sundurliðaður eftir tegundum.

11. gr.

Áður en skip heldur út úr efnahagslögsögu Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkyning“ (control report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr.

12. gr.

Opinber samskipti við Landhelgisgæslu Íslands skulu fara fram á ensku. Sama gildir um samskipti eftirlitsmanns Fiskistofu við skipstjóra eða fulltrúa hans nema um annað hafi verið samið.

Tilkynningar til Landhelgisgæslunnar skulu vera í því formi, sem ákveðið er vegna tilkynninga um veiðar á samningasvæði (NEAFC) Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar nema Landhelgisgæslan óski annars.

13. gr.

Sé skip með afla um borð við komu inn í efnahagslögsögu Íslands skal honum landað á Íslandi og hann vigtaður í samræmi við íslenskar reglur áður en veiðar hefjast í íslenskri lögsögu.

Þegar skip yfirgefur efnahagslögsögu Íslands eftir að hafa stundað þar veiðar og áður en það hefur veiðar á öðrum miðum skal það annaðhvort landa aflanum á Íslandi og vigta hann í samræmi við íslenskar reglur eða á fiskmörkuðum sem hafa verið viðurkenndir af íslenskum yfirvöldum, sbr. viðbæti 3 við niðurstöður fiskimálaviðræðna Íslands og Evrópu-sambandsins frá 25. október 1999.

14. gr.

Fiskiskip skulu hlíta öllum þeim ákvörðunum sem lúta að verndun fiskistofnanna, þar með töldum lokunum veiðisvæða. Hafrannsóknastofnunin mun tilkynna fiskiskipum sem eru að veiðum í efnahagslögsögu Íslands fyrirfram um lokanir veiðisvæða.

Lágmarksmöskvastærð í vörpu skal vera 135 mm. Um mælingar á möskvum, klæðningar á vörpu og styrktarnet gilda sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip.

Í afladagbók sem skal vera innbundin með númeruðum síðum og í tvíriti skal skipstjóri skrá eftirfarandi upplýsingar: Afl skips, skráningarnúmer og kallmerki. Fyrir hvert kast skal skrá staðsetningu, dagsetningu og tíma þegar vörpunni er kastað og afla í hverju kasti í lestum. Einnig skal skrá heildarafla á sólarhring í efnahagslögsögu, stærð vörpu og möskvastærð. Skipstjóri skal undirrita hverja síðu afladagbókarinnar. Starfsmönnum Landhelgisgæslunnar og veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu skal sýnd afladagbók, sé þess óskað.

15. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfum til veiða innan efnahagslögsögunnar brjóti útgerð skips, áhöfn eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa gegn reglugerð þessari.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. apríl 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUR

um takmörkun á fjölda nemenda við innritun í Háskólann á Akureyri.

1. gr.

Auðlindadeild.

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

Fjöldi nýrra nemenda í auðlindadeild á 1. námsári takmarkast við töluna 75.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Undirbúningi í stærðfræði og raungreinum.
- b) Meðaleinkunn á stúdentsprófi.
- c) Viðtölum ef þurfa þykir.

2. gr.

Félagsvísinda- og lagadeild.

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

Fjöldi nýrra nemenda í félagsvísinda- og lagadeild á 1. námsári takmarkast við töluna 120. Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Undirbúningi í íslensku, ensku, greinandi hugsun og í félagsvísindaskor stærðfræði.
- b) Viðtölum ef þurfa þykir.

3. gr.

Fjöldatakmörkun í heilbrigðisdeild.

Fjöldi nemenda í hjúkrunarfræði á 1. námsári sem hefja nám á vormisseri 2005 takmarkast við töluna 36.

Fjöldi nemenda í iðjuþjálfun á 1. námsári sem hefja nám á vormisseri 2005 takmarkast við töluna 18.

Reglur um val á nemendum til náms í hjúkrunarfræði og iðjuþjálfun við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri verða auglýstar sérstaklega í Stjórnartíðindum.

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

4. gr.

Kennaradeild.

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

Fjöldi nýrra nemenda í kennaradeild á 1. námsári takmarkast við töluna 140.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn, mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Undirbúningi í íslensku, ensku og stærðfræði.
- b) Viðtölum ef þurfa þykir.

5. gr.

Rekstrar- og viðskiptafræðideild.

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Fjöldi nýrra nemenda í rekstrar- og viðskiptadeild á 1. námsári takmarkast við töluna 70.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn, mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Undirbúningi nemenda í stærðfræði og hagfræðigreinum.
- b) Meðaleinkunn á stúdentsprófi.
- c) Viðtölum ef þurfa þykir.

6. gr.

Upplýsingatæknideild.

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

Fjöldi nýrra nemenda í upplýsingatæknideild á 1. námsári takmarkast við töluna 35.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn, mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Undirbúningi í stærðfræði, greinandi hugsun og ensku.
- b) Viðtölum ef þurfa þykir.

7. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 4. gr. laga um Háskólann á Akureyri nr. 40/1999 gilda fyrir háskólaárið 2004-2005.

Háskólanum á Akureyri, 20. apríl 2004.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
varaforseti háskólaráðs.*

REGLUR

um bann við netaveiði göngusilungs við Faxaflóa, Skjálfanda og Þistilfjörð.

1. gr.

Bönnuð er netaveiði göngusilungs í sjó á ári hverju frá og með 10. júní til og með 10. ágúst á eftirtöldum stöðum:

- a) Með strandlengju í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá friðunarsvæði Hítarár í norðri að Suðurflös á Akranesi í suðri.
- b) Með strandlengju Skjálfandaflóa frá friðunarsvæði Laxár í Þingeyjarsýslu í suðri að Tjörnestá í norðri.
- c) Með strandlengju Þistilfjarðar frá Hraunhafnartanga í vestri að Fonti á Langanesi í austri.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessara reglna varðar sektum samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 7. mgr. 14. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Koma þær í stað reglna nr. 418/2003 um sama efni.

Reykjavík, 29. apríl 2004.

Árni Ísaksson veiðimálastjóri.

REGLUR

um bann við netaveiði göngusilungs við Eyjafjörð.

1. gr.

Bönnuð er netaveiði göngusilungs í sjó á ári hverju frá og með 15. maí til og með 15. ágúst með strandlengju Eyjafjarðar beggja vegna fjarðarins og við Hrísey á svæði, sem takmarkast af Ytri-Vík að vestan um norðurodda Hríseyjar í Sker að austan. Utan þessa tíma skulu netaveiðar framkvæmdar í samræmi við reglur nr. 261/1996 um netaveiði göngusilungs í sjó.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessara reglna varðar sektum samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 7. mgr. 14. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Koma þær í stað auglýsingar nr. 283/1979 um sama efni.

Reykjavík, 29. apríl 2004.

Árni Ísaksson veiðimálastjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Umferðarráð, nr. 86 30. janúar 1997.

1. gr.

Samgönguráðherra kemur í stað dómsmálaráðherra í 1. gr. og 1. mgr. 2. gr.

2. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. bætist í stafrófsröð: Bifhjólasamtök Lýðveldisins, Sniglar og samgönguráðuneytið.

3. gr.

Umferðarstofa kemur í stað Skráningarstofan hf. í 2. mgr. 2. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 115. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 21. apríl 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar 2003.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2003.

Tekjur	Kr.
Vextir af bankainnstæðum	<u>7.908,55</u>
	7.908,55
Gjöld	
Fjármagnsskattur	789,00
Tekjur umfram gjöld	<u>7.119,55</u>
	7.908,55

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 2003.

Eignir	
Bankainnstæður	<u>175.650,00</u>
	175.650,00
Skuldir	
Hrein eign pr. 1. janúar 2003	168.530,39
Hreinar tekjur árið 2003	7.119,55
Auraleiðrétting	<u>0,06</u>
	175.650,00

Samgönguráðuneytinu, 28. apríl 2004.

F. h. r.

Halldór S. Kristjánsson.

26. apríl 2004

Nr. 376

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014,
Sel í Grímsnesi.**

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. apríl 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að 18.000 m² spilda í landi Sels í Grímsnesi breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 26. apríl 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REIKNINGUR

**Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar
og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 2003.**

Rekstrarreikningur fyrir árið 2003.

Tekjur	Kr.
Vextir af bankainnstæðum	5.092,95
	<hr/> 5.092,95
Gjöld	
Fjármagnsskattur	508,00
Tekjur umfram gjöld	4.584,95
	<hr/> 5.092,95

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 2003.

Eignir	
Bankainnstæður	89.376,00
	<hr/> 89.376,00
Skuldir	
<i>Höfuðstólsreikningur:</i>	
Hrein eign pr. 1. janúar 2003	84.790,89
Hreinar tekjur árið 2003	4.584,95
Auraleiðrétting	0,16
	<hr/> 89.376,00

Samgönguráðuneytinu, 28. apríl 2004.

F. h. r.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018,
svæði við Réttarholtsveg.**

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. apríl 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018 frá 19. október 1999.

Breytingin felst í því að óbyggt svæði umhverfis Réttarholtsveg verður íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Gerðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 26. apríl 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010, Strandgata.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. apríl 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 frá 27. maí 1992. Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Svæði fyrir opinberar stofnanir á Landsbankalóð er fellt út og svæði fyrir verslun og þjónustu stækkað sem því nemur.
2. Iðnaðarsvæði norðan Strandgötu er fellt út og svæði fyrir verslun og þjónustu stækkað sem því nemur.
3. Strandgata er framlengd að Búðargötu.

Upplýtturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 26. apríl 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Brúarland.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. apríl 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 frá 26. mars 1994.

Breytingin felst í fjölgun lóða úr 8 í 10-11 á skipulagsreit í landi Brúarlands.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 26. apríl 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga- byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir eða breytingar á deiliskipulagsáætlanum:

1. *Tungur í landi Snorrastaða II í Laugardal, breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar.* Breytingin felst í því að 3 frístundalóðir bætast við byggðina, hver 6500 m² að stærð.
2. *Grænahlíð í landi Grafar í Laugardal. Deiliskipulag frístundabyggðar.* Gert er ráð fyrir 11 frístundabústöðum ætluðum stéttarfélagum.
3. *Brattholt í Biskupstungum, breyting á deiliskipulagi.* Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir 2500 m² íbúðarhúslóð við Brattholtslæk og stækkar deiliskipulagssvæðið til suðurs sem lóðinni nemur.
4. *Reykholt í Biskupstungum, Lambadalur, deiliskipulag.* Gert er ráð fyrir tveimur garðyrkjulóðum, Lambadal 10.800 m² og Lambamýri 13.500 m². Heimilt er að byggja gróðurhús o.þ.h. og eitt íbúðarhús innan byggingarreits.
5. *Reykholt í Biskupstungum, Friðheimar, deiliskipulag.* Gert er ráð fyrir þremur garðyrkjulóðum Lyngbrún 1 42.300 m², Lyngbrún 2 10.000 m² og Lyngbrún 3 11.400 m². Heimilt er að byggja gróðurhús o.þ.h. og eitt íbúðarhús innan byggingarreits.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. apríl 2004.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. apríl 2004 staðfest aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2002-2014.

Uppdrættir og greinargerðir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Fljótsdalshrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina. Skipulagsstofnun hefur afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 20. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Keflavíkurhöfn, Reykjanesbæ.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. apríl 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Iðnaðar- og hafnarsvæði við Keflavíkurhöfn verður miðsvæði.
- Þjónustusvæði norðan Iðjustígs verður miðsvæði og stækkar til norðurs þannig að úti-vist - opið svæði minnkar.
- Merkingarnar S1 og S21 falla niður og fallið er frá að gera fyrirhugaðan veg í fram-haldi af Flugvallarvegi á milli Hafnargötu og Bakkastígs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013, Arnargerði.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. apríl 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013 frá 16. mars 1995.

Breytingin felst í stækkun á félagssvæði hestamanna til norðvesturs og suðvesturs meðfram Svínvetningabraut vegna fyrirkomulags skeiðvallar. Óbyggt svæði breytist í opið svæði (útivistarsvæði) til sérstakra nota auk þess sem lega reiðstíga breytist.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Blönduóss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um varnarefnaleifar í matvælum, nr. 121/2004.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka 2:

1. gr.

- Hámarksgildi fyrir kreoxim-metýl í jarðarberjum skal vera 1(t)* mg/kg.
- Hámarksgildi fyrir dítiokarbamöt (til dítiokarbamata teljast: ferbam, mankoseb, maneb, nabam, probineb, tiram, zineb og ziram) í hreðkum skal vera 2 mg/kg og 1 mg/kg í vorlauk.
- Hámarksgildi fyrir klórmekvat í perum skal vera 0,03 mg/kg. Í stað neðanmálsgreinar (t) kemur (t) Tímabundið hámarksgildi, sem gildir til 31. júlí 2006.

2. gr.

Hámarksgildi fyrir leifar af azoxystrobin og lambda-cyhalotrín eru eftirfarandi:

Matvæli	Hámarksgildi af varnarefnum í mg/kg	
	Azoxystrobin	Lambda-cyhalotrín
1. Ávextir, ferskir, þurrkaðir, ósoðnir, varðir með frystingu, en ekki með viðbættum sykri.		
(i) Sítrusávextir	1	
Greipaldin		0,1
Sítrónur		0,2
Súraldin		0,2
Mandarínur		0,2
Appelsínur		0,1
Pómelóaldin		0,1
Annað		0,02(*)
(ii) Trjáhnatur	0,1(*)	0,05(*)
Möndlur		
Brasilúhnatur		
Kasúhnatur		
Kastaníuhnatur		
Kókoshnatur		
Heslihnatur		
Makademiáhnatur		
Pekanhnatur		
Furuhnatur		
Hjartaaldin		
Valhnatur		
Annað		
(iii) Kjarnaávextir	0,05(*)	0,1

Matvæli	Hámarksgildi af varnarefnum í mg/kg	
	Azoxystrobin	Lambda-cyhalotrín
Epli		
Perur		
Kveði		
Annað		
(iv) Steinaldin	0,05(*)	
Aprikósur		0,2
Kirsuber		
Ferskjur		0,2
Nektarínur		0,2
Plómur		
Annað		0,1
(v) Ber og aðrir smáir ávextir		
(a) Vínber	2	0,2
Til víngerðar		
Önnur		
(b) Jarðarber (önnur en villt)	2	0,5
(c) Reyr ávextir (aðrir en villtir)		0,02(*)
Brómber	3	
Blá hindber		
Loganber		
Hindber	3	
Annað	0,05(*)	
(d) Aðrir smáávextir og ber (annað en villt)	0,05(*)	
Bláber		
Trönuber		
Garðaber		0,1
Rífsber (rauð og hvít)		0,1
Sólber		0,1
Annað		0,02(*)
(e) Villt ber og villtir ávextir	0,05(*)	0,2
(vi) Ýmsir ávextir		0,02(*)
Lárperur		
Bananar	2	
Döðlur		
Fíkjur		
Loðber (kíví)		
Dvergappelsínur		
Litkaber		
Mangó		
Ólífur		

Matvæli	Hámarksgildi af varnarefnum í mg/kg	
	Azoxystrobin	Lambda-cyhalotrín
Ólífur (til neyslu)		
Ólífur (til olíugerðar)		
Ástaraldin		
Ananas		
Granatepli		
Papajávöxtur		
Annað	0,05(*)	
2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið, frosið eða þurr.		
(i) Rótar- og hnýðisgrænmeti		
Rauðrófur		
Gulrætur	0,2	
Hnúðselja	0,3	0,1
Piparrót	0,2	
Ætífífill		
Nípa	0,2	
Steinseljurót	0,2	
Hreðkur (radísur)		0,1
Hafursrót	0,2	
Sætuhnúðar		
Gulrófur		
Næpur		
Kínakartöflur		
Annað	0,05(*)	0,02(*)
(ii) Laukar		
Hvítlaukur		
Laukur		
Skalotlaukur		
Vorlaukur	2	0,05
Annað	0,05(*)	0,02(*)
(iii) Grænmetisaldin		
(a) Kartöfluætt		
Tómatar	2	0,1
Paprikur	2	0,1
Chílepipar	2	0,1
Eggaldin	2	0,5
Annað	0,05(*)	0,02(*)
(b) Graskersætt-neysluhæft hýði		
Gúrkur		
Þrúgugúrkur		

Matvæli	Hámarksgrildi af varnarefnum í mg/kg	
	Azoxystrobin	Lambda-cyhalotrín
Kúrbítur		
Annað		
(c) Graskersætt-óneysluhæft hýði	0,5	0,05
Melónur		
Grasker		
Vatnsmelónur		
Annað		
(d) Maískólfar	0,05(*)	0,05
(iv) Kál		
(a) Blómstrandir kál		0,1
Spergilkál		
Blómkál	0,5	
Annað	0,05(*)	
(b) Höfuðkál		
Rósakál		0,05
Höfuðkál	0,3	0,2
Annað	0,05(*)	0,02(*)
(c) Blaðkál	0,05(*)	1
Kínakál		
Grænkál		
Annað		
(d) Hnúðkál	0,2	0,02(*)
(v) Blaðgrænmeti og ferskar kryddjurtir.		
(a) Salót	3	1
Karsi (garðperla)		
Vorsalat		
Jöklasalat		
Höfuðsalat		
Blaðsalat		
Vetrarsalat		
Annað		
(b) Spínat og skyldar jurtir	0,05(*)	
Spínat		0,5
Blaðbeðja (strandblaðka)		
Annað		0,02(*)
(c) Vatnakarsi	0,05(*)	0,02(*)
(d) Jólasalat	0,2	0,02(*)
(e) Kryddjurtir	3	1
Kerfill		
Graslaukar		

Matvæli	Hámarksgildi af varnarefnum í mg/kg	
	Azoxystrobin	Lambda-cyhalotrín
Blaðselja		
Steinselja		
Annað		
(vi) Ertur og belgávéxtir (ferskir)		
Baunir (með belg)	1	0,2
Baunir (án belgs)	0,2	0,02(*)
Ertur (með belg)	0,5	0,2
Ertur (án belgs)	0,2	0,2
Annað	0,05(*)	0,02(*)
(vii) Stilkgrænmeti		
Spergill		
Fingrakornblóm		
Stilkselja	5	0,3
Fennika (sígóð)		
Ætípistill	1	
Blaðlaukur	0,1	0,3
Rabarbari		
Annað	0,05(*)	0,02(*)
(viii) Sveppir	0,05(*)	
(a) Ætisveppir		0,02(*)
(b) Villtir ætisveppir		0,5
3. Belgjurtir (þurrkaðar)	0,1	0,02(*)
Baunir		
Linsubaunir		
Ertur		
Annað		
4. Olúfræ		0,02(*)
Hörfræ		
Jarðhnetur		
Valmúufræ (birki)		
Repjufræ	0,5	
Sesamfræ		
Sólblómafræ		
Sojabaunir	0,5	
Baðmullarfræ		
Sinnepsfræ		
Annað	0,05(*)	
5. Kartöflur (jarðepli)	0,05(*)	0,02(*)
Snemmvaxnar		
Matar- og iðnaðarkartöflur		
6. Te	0,1	1
7. Humall	20	10
(*) Greiningarmörk efnisins		

(*) Greiningarmörk efnisins

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Reglugerðin er sett til innleiðingar tilskipunar 2003/69/EB sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 19. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUGERÐ**um (7.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.**

1. gr.

Við C-hluta 8. viðauka undir *Almennt um plöntuskoðunina* á eftir 2. setningu bætist eftirfarandi málsgrein:

Við framkvæmd eftirlitsins skal einnig taka mið af áorðnum breytingum á tilskipunum Evrópusambandsins nr. 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB og 2002/57/EB samkvæmt tilskipun 2003/61/EB sem birt er sem fylgiskjal 1 hér á eftir, ásamt áorðnum breytingum á tilskipun 2002/57/EB samkvæmt viðauka í tilskipun 2003/45/EB sem er birt sem fylgiskjal 2 hér á eftir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og til innleiðingar á tilskipun ráðsins nr. 61/2003/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2003/45/EB sem teknar voru inn í III. kafla I. viðauka við EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 16 og 17 þann 19. mars 2004. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. apríl 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

Fylgiskjal 1.**TILSKIPUN RÁDSINS 2003/61/EB**

frá 18. júní 2003

um breytingar á tilskipunum 66/401/EBE um markaðssetningu fódurjurtafræja, 66/402/EBE um markaðssetningu sáðkorns, 68/193/EBE um markaðssetningu efnis fyrir kynlausa fjölgun vínviðar, 92/33/EBE um markaðssetningu á fjölgunarefni og sáðplöntum matjurta, að undanskildu fræi, 92/34/EBE um markaðssetningu á fjölgunarefni aldintrjáa og aldintrjám til aldinræktunar, 98/56/EB um markaðssetningu á fjölgunarefni skrautjurta, 2002/54/EB um markaðssetningu sykurrófufræs, 2002/55/EB um markaðssetningu matjurtafræs, 2002/56/EB um markaðssetningu útsæðiskartaflna og 2002/57/EB um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræs, með tilliti til samanburðarprófana og -tilrauna bandalagsins

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

tilskipun 2002/55/EB⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 43. gr.,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

tilskipun 2002/56/EB⁽²⁾, einkum 3. mgr. 20. gr., ogmeð hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽³⁾,tilskipun 2002/57/EB⁽³⁾, einkum 3. mgr. 23. gr.með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins⁽⁴⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽⁵⁾,

2) Þessar nauðsynlegu ráðstafanir hafa leitt til þess á undanförunum árum að ákveðið hefur verið að bandalagið veiti framlag til framkvæmdar framangreindra samanburðarprófana og -tilrauna.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórninni ber að tryggja, þegar við á, að ráðstafanir til samræmingar, framkvæmdar og eftirlits með samanburðarprófunum bandalagsins séu í samræmi við verklagsreglurnar sem mælt er fyrir um í eftirfarandi ákvæðum:

3) Skipuleggja skal prófanir og tilraunir fyrir tegundir við skilyrði sem talin eru upp í framangreindum tilskipunum hvort sem ákvæðin eru lögbundin eða að eigin ákvörðun.

tilskipun 66/401/EBE⁽⁴⁾, einkum 3. mgr. 20. gr.,tilskipun 66/402/EBE⁽⁵⁾, einkum 3. mgr. 20. gr.,tilskipun 68/193/EBE⁽⁶⁾, einkum 3. mgr. 16. gr.,

4) Prófanir og tilraunir skulu einkum ná yfir fræ og fjölgunarefni, sem er framleitt í þriðju löndum, fræ og fjölgunarefni, sem er heppilegt fyrir lífrænan búskap, og fræ og fjölgunarefni sem er markaðssett í tengslum við varðveislu á staðnum og sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda plantna.

tilskipun 92/33/EBE⁽⁷⁾, einkum 4. mgr. 20. gr.,tilskipun 92/34/EBE⁽⁸⁾, einkum 4. mgr. 20. gr.,tilskipun 98/56/EB⁽⁹⁾, einkum 4. mgr. 14. gr., og

5) Þar að auki er rétt að samræma samningu viðkomandi greina í framangreindum tilskipunum.

tilskipun 2002/54/EB⁽¹⁰⁾, einkum 3. mgr. 26. gr.,

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 20 E, 28.1.2003, bls. 208.

⁽²⁾ Álit frá 10. apríl 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽³⁾ Stjtið. ESB C 85, 8.4.2003, bls. 43.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2298/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/64/EB (Stjtið. EB L 234, 1.9.2001, bls. 60).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/64/EB.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 93, 17.4.1968, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/11/EB (Stjtið. EB L 53, 23.2.2002, bls. 20).

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 157, 10.6.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (Stjtið. EB L 122, 16.5.2003, bls. 1).

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 157, 10.6.1992, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 226, 13.8.1998, bls. 16. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 12.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

⁽¹²⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 60. Tilskipunin var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/66/EB (Stjtið. EB L 25, 30.1.2003, bls. 42).

⁽¹³⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2002/68/EB (Stjtið. EB L 195, 24.7.2002, bls. 32).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Í stað 20. gr. tilskipunar 66/401/EBE komi eftirfarandi:

„20. gr.

1. Í bandalaginu skulu fara fram samanburðarprófanir og -tilraunir fyrir eftirkönnun á sýnum, teknum af handahófi, af föðurjurtafræi sem er markaðssett í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, hvort heldur er lögbundið eða að eigin ákvörðun. Samanburðarprófanirnar og -tilraunirnar geta náð yfir eftirfarandi:

— fræ sem er framleitt í þriðju löndum,

— fræ sem er heppilegt fyrir lífrænan búskap,

— fræ sem er markaðssett í tengslum við varðveislu á staðnum og sjálfbæra nýtingu erfðaaúðlinda plantna.

2. Þessar samanburðarprófanir og -tilraunir skulu þjóna þeim tilgangi að samræma tæknilegar vottunaraðferðir og að ganga úr skugga um að skilyrðunum, sem fræ þarf að uppfylla, sé fullnægt.

3. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 21. gr. til að samanburðarprófanirnar og -tilraunirnar geti farið fram. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni, sem um getur í 21. gr., um tæknilega tilhögun og niðurstöður prófananna og tilraunanna.

4. Bandalaginu er heimilt að veita fjárframlag til framkvæmdar prófununum og tilraununum sem um getur í 1. og 2. mgr. Fjárframlagið skal ekki vera hærra en sem nemur árlegri fjárveitingu sem fjárveitingavaldið ákveður.

5. Fastsetja skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr., þær prófanir og tilraunir sem fjárframlag bandalagsins nær yfir, svo og nákvæmar reglur um veitingu þess.

6. Einungis ríkisvaldi eða lögaðila á vegum ríkisins er heimilt að framkvæma prófanirnar og tilraunirnar sem um getur í 1. og 2. mgr.“

2. Í stað 20. gr. tilskipunar 66/402/EBE komi eftirfarandi:

„20. gr.

1. Í bandalaginu skulu fara fram samanburðarprófanir og -tilraunir fyrir eftirkönnun á sýnum sáðkorns sem er markaðssett í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, hvort heldur er lögbundið eða að eigin ákvörðun. Samanburðarprófanirnar og -tilraunirnar geta náð yfir eftirfarandi:

— fræ sem er framleitt í þriðju löndum,

— fræ sem er heppilegt fyrir lífrænan búskap,

— fræ sem er markaðssett í tengslum við varðveislu á staðnum og sjálfbæra nýtingu erfðaaúðlinda plantna.

2. Þessar samanburðarprófanir og -tilraunir skulu þjóna þeim tilgangi að samræma tæknilegar vottunaraðferðir og að ganga úr skugga um að skilyrðunum sem fræ þarf að uppfylla, sé fullnægt.

3. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 21. gr. til að samanburðarprófanirnar og -tilraunirnar geti farið fram. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni, sem um getur í 21. gr., um tæknilega tilhögun og niðurstöður prófananna og tilraunanna.

4. Bandalaginu er heimilt að veita fjárframlag til framkvæmdar prófununum og tilraununum sem um getur í 1. og 2. mgr.

Fjárframlagið skal ekki vera hærra en sem nemur árlegri fjárveitingu sem fjárveitingavaldið ákveður.

5. Fastsetja skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr., þær prófanir og tilraunir sem fjárframlag bandalagsins nær yfir, svo og nákvæmar reglur um veitingu þess.

6. Einungis ríkisvaldi eða lögaðila á vegum ríkisins er heimilt að framkvæma prófanirnar og tilraunirnar sem um getur í 1. og 2. mgr.“

3. Í stað 16. gr. tilskipunar 68/193/EBE komi eftirfarandi:

„16. gr.

1. Í bandalaginu skulu fara fram samanburðarprófanir og -tilraunir fyrir eftirkönnun á sýnum, teknum af handahófi, af fjölgunarefni vinvíðar sem er markaðssett í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar þ.m.t. þau sem tengjast plöntuheilbrigði, hvort heldur er lögbundið eða að eigin ákvörðun. Samanburðarprófanirnar og -tilraunirnar geta náð yfir eftirfarandi:

— fjölgunarefni sem er framleitt í þriðju löndum,

— fjölgunarefni sem er heppilegt fyrir lífrænan búskap,

— fjölgunarefni sem er markaðssett í tengslum við ráðstafanir sem ætlaðar eru til að stuðla að varðveislu erfðafæðilegrar fjölbreytni.

2. Þessar samanburðarprófanir og -tilraunir skulu þjóna þeim tilgangi að samræma tæknilegar vottunaraðferðir og að ganga úr skugga um að skilyrðunum sem fjölgunarefni þarf að uppfylla, sé fullnægt.

3. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 17. gr. til að samanburðarprófanirnar og -tilraunirnar geti farið fram. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni, sem um getur í 17. gr., um tæknilega tilhögun og niðurstöður prófananna og tilraunanna. Komi upp vandi í sambandi við plöntuheilbrigði skal framkvæmdastjórnin tilkynna það fastanefndinni um plöntuheilbrigði.

4. Bandalaginu er heimilt að veita fjárframlag til framkvæmdar prófununum og tilraununum sem um getur í 1. og 2. mgr.

Fjárframlagið skal ekki vera herra en sem nemur árlegri fjárveitingu sem fjárveitingavaldið ákveður.

5. Fastsetja skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr., þær prófanir og tilraunir sem fjárframlag bandalagsins nær yfir, svo og nákvæmar reglur um veitingu þess.

6. Einungis ríkisvaldi eða lögaðila á vegum ríkisins er heimilt að framkvæma prófanirnar og tilraunirnar sem um getur í 1. og 2. mgr.“

4. Í stað 20. gr. tilskipunar 92/33/EBE komi eftirfarandi:

„20. gr.

1. Í aðildarríkjunum skulu gerðar tilraunir eða, eftir því sem við á, prófanir á sýnum til að ganga úr skugga um að fjölgunarefni og sáðplöntur matjurta uppfylli kröfur og skilyrði þessarar tilskipunar, þ.m.t. kröfur og skilyrði um plöntuheilbrigði. Framkvæmdastjórnin getur gengist fyrir því að fram fari eftirlit með tilraununum með þátttöku fulltrúa aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar.

2. Í bandalaginu skulu fara fram samanburðarprófanir og tilraunir fyrir eftirkönnun á sýnum fjölgunarefnis og sáðplantna matjurta sem eru markaðssett í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar þ.m.t. þau sem tengjast plöntuheilbrigði, hvort heldur er lögbundið eða að eigin ákvörðun. Samanburðarprófanirnar og -tilraunirnar geta náð yfir eftirfarandi:

— fjölgunarefni og sáðplöntur matjurta sem eru framleidd í þriðju löndum,

— fjölgunarefni og sáðplöntur matjurta sem eru heppileg fyrir lífrænan búskap,

— fjölgunarefni og sáðplöntur matjurta sem eru markaðssett í tengslum við ráðstafanir sem miða að því að varðveita erfðafræðilega fjölbreytni.

3. Þessar samanburðarprófanir og -tilraunir skulu hjóna þeim tilgangi að samræma tæknilegar aðferðir við athuganir á fjölgunarefni og sáðplöntum matjurta og að ganga úr skugga um að skilyrðunum, sem þau þurfa að uppfylla, sé fullnægt.

4. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 21. gr. til að samanburðarprófanirnar og -tilraunirnar geti farið fram. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni, sem um getur í 21. gr., um tæknilega tilhögun og niðurstöður prófananna og tilraunanna. Komi upp vandi í sambandi við plöntuheilbrigði skal framkvæmdastjórnin tilkynna það fastanefndinni um plöntuheilbrigði.

5. Bandalaginu er heimilt að veita fjárframlag til framkvæmdar prófununum og tilraununum sem um getur í 2. og 3. mgr.

Fjárframlagið skal ekki vera herra en sem nemur árlegri fjárveitingu sem fjárveitingavaldið ákveður.

6. Fastsetja skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr., þær prófanir og tilraunir sem fjárframlag bandalagsins nær yfir, svo og nákvæmar reglur um veitingu þess.

7. Einungis ríkisvaldi eða lögaðila á vegum ríkisins er heimilt að framkvæma prófanirnar og tilraunirnar sem um getur í 2. og 3. mgr.“

5. Í stað 20. gr. tilskipunar 92/34/EBE komi eftirfarandi:

„20. gr.

1. Í aðildarríkjunum skulu gerðar tilraunir eða, eftir því sem við á, prófanir á sýnum til að ganga úr skugga um að fjölgunarefni eða aldintré uppfylli kröfur og skilyrði þessarar tilskipunar, þ.m.t. kröfur og skilyrði um plöntuheilbrigði. Framkvæmdastjórnin getur gengist fyrir því að fram fari eftirlit með tilraununum með þátttöku fulltrúa aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar.

2. Í bandalaginu skulu fara fram samanburðarprófanir og -tilraunir fyrir eftirkönnun á sýnum fjölgunarefnis og aldintrjáa sem eru markaðssett í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, þ.m.t. þau sem tengjast plöntuheilbrigði, hvort heldur er lögbundið eða að eigin ákvörðun. Samanburðarprófanirnar og -tilraunirnar geta náð yfir eftirfarandi:

— fjölgunarefni og aldintré sem eru framleidd í þriðju löndum,

— fjölgunarefni og aldintré sem eru heppileg fyrir lífrænan búskap,

— fjölgunarefni og aldintré sem eru markaðssett í tengslum við ráðstafanir til varðveislu erfðafræðilegrar fjölbreytni.

3. Þessar samanburðarprófanir og -tilraunir skulu hjóna þeim tilgangi að samræma tæknilegar aðferðir við athuganir á fjölgunarefni og aldintrjám og að ganga úr skugga um að skilyrðunum, sem þau þurfa að uppfylla, sé fullnægt.

4. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 21. gr. til að samanburðarprófanirnar og -tilraunirnar geti farið fram. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni, sem um getur í 21. gr., um tæknilega tilhögun og niðurstöður prófananna og tilraunanna. Komi upp vandi í sambandi við plöntuheilbrigði skal framkvæmdastjórnin tilkynna það fastanefndinni um plöntuheilbrigði.

5. Bandalaginu er heimilt að veita fjárframlag til framkvæmdar prófununum og tilraununum sem um getur í 2. og 3. mgr.

Fjárframlagið skal ekki vera herra en sem nemur árlegri fjárveitingu sem fjárveitingavaldið ákveður.

6. Fastsetja skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr., þær prófanir og tilraunir, sem fjárframlag bandalagsins nær yfir, svo og nákvæmar reglur um veitingu þess.
7. Einungis ríkisvaldi eða lögaðila á vegum ríkisins er heimilt að framkvæma prófanirnar og tilraunirnar sem um getur í 2. og 3. mgr.“
6. Í stað 14. gr. tilskipunar 98/56/EB komi eftirfarandi:

„14. gr.

1. Í aðildarríkjunum skulu gerðar, eftir því sem við á, tilraunir eða prófanir á sýnum til að ganga úr skugga um að fjölgunarefni uppfylli kröfur og skilyrði þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin getur gengist fyrir því að fram fari eftirlit með tilraunum með þáttöku fulltrúa aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar.

2. Í bandalaginu skulu fara fram samanburðarprófanir og -tilraunir fyrir eftirkönnun á sýnum fjölgunarefnis og skrautjurta sem eru markaðssett í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, þ.m.t. þau sem tengjast plöntuheilbrigði, hvort heldur er lögbundið eða að eigin ákvörðun. Samanburðarprófanirnar og -tilraunirnar geta náð yfir eftirfarandi:

- fjölgunarefni sem er framleitt í þriðju löndum,
- fjölgunarefni sem er heppilegt fyrir lífrænan búskap,
- fjölgunarefni sem er markaðssett í tengslum við ráðstafanir til varðveislu erfðafæðilegrar fjölbreytni.

3. Samanburðarprófanirnar og -tilraunirnar skulu þjóna þeim tilgangi að samræma tæknilegar aðferðir við athuganir á fjölgunarefni skrautjurta og að ganga úr skugga um að skilyrðunum, sem þau þurfa að uppfylla, sé fullnægt.

4. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 17. gr. til að samanburðarprófanirnar og -tilraunirnar geti farið fram. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni, sem um getur í 17. gr., um tæknilega tilhögun og niðurstöður prófananna og tilraunanna. Komi upp vandi í tengslum við lífverur sem falla undir tilskipun 2000/29/EB frá 8. maí 2000 um verndarráðstafanir gegn því að inn í bandalagið berist lífverur sem eru skaðlegar plöntum eða plöntuafurðum og gegn útbreiðslu þeirra innan bandalagsins (*) skal framkvæmdastjórnin tilkynna það fastanefndinni um plöntuheilbrigði sem einnig skal hafa samráð við um aðferðalýsingu á tilraunum bandalagsins þegar um er að ræða lífverur sem falla undir tilskipun 2000/29/EB.

5. Bandalaginu er heimilt að veita fjárframlag til framkvæmdar prófununum og tilraunum sem um getur í 2. og 3. mgr.

Fjárframlagið skal ekki vera hærra en sem nemur árlegri fjárveitingu sem fjárveitingavaldið ákveður.

6. Fastsetja skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr., þær prófanir og rannsóknir sem fjárframlag bandalagsins nær yfir, svo og nákvæmar reglur um veitingu þess.

7. Einungis ríkisvaldi eða lögaðila á vegum ríkisins er heimilt að framkvæma prófanirnar og rannsóknirnar sem um getur í 2. og 3. mgr.

(*) Stjtið. EB L 169, 10.7.2000, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (Stjtið. EB L 122, 16.5.2003, bls. 1).“

7. Í stað 26. gr. tilskipunar 2002/54/EB komi eftirfarandi:

„26. gr.

1. Í bandalaginu skulu fara fram samanburðarprófanir og tilraunir fyrir eftirkönnun á sýnum, teknum af handahófi, af sykurröfufraei sem er markaðssett í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, hvort heldur er lögbundið eða að eigin ákvörðun. Samanburðarprófanirnar og -tilraunirnar geta náð yfir eftirfarandi:

- frá sem er framleitt í þriðju löndum,
- frá sem er heppilegt fyrir lífrænan búskap,
- frá sem er markaðssett í tengslum við varðveislu á staðnum og sjálfbæra nýtingu erfðaaúðlinda plantna.

2. Þessar samanburðarprófanir og -tilraunir skulu þjóna þeim tilgangi að samræma tæknilegar vottunaraðferðir og að ganga úr skugga um að skilyrðunum sem frá þarf að uppfylla, sé fullnægt.

3. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 28. gr. til að samanburðarprófanirnar og -tilraunirnar geti farið fram. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni, sem um getur í 1. mgr. 28. gr., um tæknilega tilhögun og niðurstöður prófananna og tilraunanna.

4. Bandalaginu er heimilt að veita fjárframlag til framkvæmdar prófununum og tilraunum sem um getur í 1. og 2. mgr.

Fjárframlagið skal ekki vera hærra en sem nemur árlegri fjárveitingu sem fjárveitingavaldið ákveður.

5. Fastsetja skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 28. gr., þær prófanir og tilraunir sem fjárframlag bandalagsins nær yfir, svo og nákvæmar reglur um veitingu þess.

6. Einungis ríkisvaldi eða lögaðila á vegum ríkisins er heimilt að framkvæma prófanirnar og tilraunirnar sem um getur í 1. og 2. mgr.“

8. Í stað 43. gr. tilskipunar 2002/55/EB komi eftirfarandi:

„43. gr.

1. Í bandalaginu skulu fara fram samanburðarprófanir og -tilraunir fyrir eftirkönnun á sýnum, teknum af handahófi, af grænmetisfræi sem er markaðssett í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, hvort heldur er lögbundið eða að eigin ákvörðun. Samanburðarprófanir og -tilraunir geta náð yfir eftirfarandi:

- fræ sem er framleitt í þriðju löndum,
- fræ sem er heppilegt fyrir lífrænan búskap,
- fræ sem er markaðssett í tengslum við varðveislu á staðnum og sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda plantna.

2. Þessar samanburðarprófanir og -tilraunir skulu þjóna þeim tilgangi að samræma tæknilegar vottunaraðferðir og að ganga úr skugga um að skilyrðunum sem fræ þarf að uppfylla, sé fullnægt.

3. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 46. gr. til að samanburðarprófanir og -tilraunir geti farið fram. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni, sem um getur í 1. mgr. 46. gr., um tæknilega tilhögun og niðurstöður prófananna og tilraunanna.

4. Bandalaginu er heimilt að veita fjárframlag til framkvæmdar prófununum og tilraununum sem um getur í 1. og 2. mgr.

Fjárframlagið skal ekki vera hærri en sem nemur árlegri fjárveitingu sem fjárveitingavaldið ákveður.

5. Fastsetja skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 46. gr., þær prófanir og tilraunir sem fjárframlag bandalagsins nær yfir, svo og nákvæmar reglur um veitingu þess.

6. Einungis ríkisvaldi eða lögaðila á vegum ríkisins er heimilt að framkvæma prófanir og tilraunir sem um getur í 1. og 2. mgr.“

9. Í stað 20. gr. tilskipunar 2002/56/EB komi eftirfarandi:

„20. gr.

1. Í bandalaginu skulu fara fram samanburðarprófanir og -tilraunir fyrir eftirkönnun á sýnum, teknum af handahófi, af útsæðiskartöflum sem eru markaðssettar í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, þ.m.t. þau sem tengjast plöntuheilbrigði, hvort heldur er lögbundið eða að eigin ákvörðun. Samanburðarprófanir og -tilraunir geta náð yfir eftirfarandi:

- fræ sem er framleitt í þriðju löndum,
- útsæðiskartöflur sem eru heppilegar fyrir lífrænan búskap,
- útsæðiskartöflur sem eru markaðssettar í tengslum við varðveislu á staðnum og sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda plantna.

2. Þessar samanburðarprófanir og -tilraunir skulu þjóna þeim tilgangi að samræma tæknilegar vottunaraðferðir og að ganga úr skugga um að skilyrðunum sem fræ þarf að uppfylla, sé fullnægt.

3. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr. til að samanburðarprófanir og -tilraunir geti farið fram. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni, sem um getur í 1. mgr. 25. gr., um tæknilega tilhögun og niðurstöður prófananna og tilraunanna. Komi upp vandi í sambandi við plöntuheilbrigði skal framkvæmdastjórnin tilkynna það fastanefndinni um plöntuheilbrigði.

4. Bandalaginu er heimilt að veita fjárframlag til framkvæmdar prófununum og tilraununum sem um getur í 1. og 2. mgr.

Fjárframlagið skal ekki vera hærri en sem nemur árlegri fjárveitingu sem fjárveitingavaldið ákveður.

5. Fastsetja skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 25. gr., þær prófanir og tilraunir sem fjárframlag bandalagsins nær yfir, svo og nákvæmar reglur um veitingu þess.

6. Einungis ríkisvaldi eða lögaðila á vegum ríkisins er heimilt að framkvæma prófanir og tilraunir sem um getur í 1. og 2. mgr.

7. Framkvæmdastjórnin getur, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr., bannað, að öllu leyti eða að hluta, markaðssetningu útsæðiskartaflna sem hafa verið ræktaðar á tilteknu svæði í bandalaginu ef afkvæmi kartöflusýna, sem eru tekin opinberlega af stofnuðum eða vottuðum útsæðiskartöflum sem hafa verið ræktaðar á viðkomandi svæði á fleiri en einum tilraunaakri í bandalaginu, hafa í þrjú ár samfellt verið allan frá því að uppfylla lágmarksskilyrðin sem mælt er fyrir um í c-lið 1. liðar, c-lið 2. liðar og 3. og 4. lið I. viðauka.

8. Framkvæmdastjórnin skal draga til baka allar ráðstafanir sem eru gerðar skv. 7. mgr. jafnskjótt og næg vissa hefur fengist fyrir því að stofnuðum eða vottuðum útsæðiskartöflunum, sem eru ræktaðar á viðkomandi svæði í bandalaginu, muni framvegis uppfylla lágmarksskilyrðin sem um getur í 7. mgr.“

10. Í stað 23. gr. tilskipunar 2002/57/EB komi eftirfarandi:

„23. gr.

1. Í bandalaginu skulu fara fram samanburðarprófanir og -tilraunir fyrir eftirkönnun á sýnum, teknum af handahófi, af olíu- og trefjajurtfræi sem er markaðssett samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, hvort heldur er lögbundið eða að eigin ákvörðun. Samanburðarprófanir og -tilraunir geta náð yfir eftirfarandi:

- fræ sem er framleitt í þriðju löndum,
- fræ sem er heppilegt fyrir lífrænan búskap,
- fræ sem er markaðssett í tengslum við varðveislu á staðnum og sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda plantna.

2. Samanburðarprófanirnar og -tilraunirnar skulu þjóna þeim tilgangi að samræma tæknilegar vottunaraðferðir og að ganga úr skugga um að skilyrðunum sem fræ þarf að uppfylla, sé fullnægt.

3. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr. til að samanburðarprófanirnar og -tilraunirnar geti farið fram. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni, sem um getur í 1. mgr. 25. gr., um tæknilega tilhögun og niðurstöður prófananna og tilraunanna.

4. Bandalaginu er heimilt að veita fjárframlag til framkvæmdar prófununum og tilraununum sem um getur í 1. og 2. mgr.

Fjárframlagið skal ekki vera hærra en sem nemur árlegri fjárveitingu sem fjárveitingavaldið ákveður.

5. Fastsetja skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 25. gr., þær prófanir og tilraunir sem fjárframlag bandalagsins nær yfir, svo og nákvæmar reglur um veitingu þess.

6. Einungis ríkisvaldi eða lögaðila á vegum ríkisins er heimilt að framkvæma prófanirnar og tilraunirnar sem um getur í 1. og 2. mgr.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 10. október 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 18. júní 2003.

Fyrir hönd ráðsins,

G. DRYS

forseti.

Fylgiskjal 2.**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/45/EB**

frá 28. maí 2003

um breytingu á tilskipun ráðsins 2002/57/EB um markaðssetningu olíu- og trefjaurtafræs

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjaurtafræs⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 2002/68/EB⁽²⁾, einkum 3. mgr. a í 2. gr. og 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2002/57/EB eru sett fram bandalagsákvæði um markaðssetningu olíu- og trefjaurtafræs í bandalaginu. Tilskipunin nær ekki, samkvæmt skilgreiningu á flokknum „stofnfræ“, til fræs af öðrum blendingum en sólfíflí. Að auki eru ekki sett sérstök skilyrði í tilskipuninni sem fræ fódurrepju og baðmullar eiga að uppfylla.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/232/EB frá 27. júní 1995 um tilhögun tímabundinnar tilraunar samkvæmt tilskipun ráðsins 69/208/EBE til að ákvarða hvaða skilyrði fræ blendinga og samsettra afbrigða repju og akurfrækáls þurfi að uppfylla⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2002/68/EB, miðar m.a. að því að setja skilyrði sem fræ af blendingum fódurrepju þurfa að uppfylla vegna vottunar og markaðssetningar samkvæmt löggjöf bandalagsins.
- 3) Með niðurstöðum tímabundnu tilraunarinnar, sem kveðið er á um í ákvörðun 95/232/EB, hefur verið staðfest að setja beri sérstök skilyrði fyrir fræ af blendingum fódurrepju. Breyta ber tilskipun 2002/57/EB til samræmis við þetta með því að bæta við sérstökum skilyrðum.
- 4) Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur sett reglur um fræ fyrir blendinga baðmullar, innan tegundar og milli tegunda (*Gossypium hirsutum* og *Gossypium barbadense*). Til þess að tryggja samræmi á milli Efnahags- og framfarastofnunarinnar og ESB á þessu sviði ber að breyta tilskipun 2002/57/EB með því að bæta við reglum sem eru jafngildar reglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar.
- 5) Samsett yrki olíu- og trefjaurta falla undir gildissvið tilskipunar 2002/57/EB. Í ákvæðum um merkingar í þeirri tilskipun eru þó ekki settar fram fullnægjandi reglur um merkingu fræs samsettra yrkja. Breyta ber tilskipun 2002/57/EB til samræmis við þetta með því að bæta við kröfum um fullnægjandi merkingar fyrir samsett yrki.

6) Breyta ber tilskipun 2002/57/EB til samræmis við þetta.

7) Ráðstafanirnar í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 2002/57/EB:

1. Í c-lið 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi í stað inngangsetningarinnar:

„c) stofnfræ (annað en fræ af blendingum): fræ“.

2. Í d-lið 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi í stað inngangsetningarinnar:

„d) stofnfræ (blendingar)“.

3. Ákvæðum I., II. og IV. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2003.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvisun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.⁽¹⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74.⁽²⁾ Stjtið. EB L 195, 24.7.2002, bls. 32.⁽³⁾ Stjtið. EB L 154, 5.7.1995, bls. 22.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. maí 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

Ákvæðum I., II. og IV. viðauka við tilskipun 2002/57/EB er breytt sem hér segir.

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka:

a) Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið:

„Að því er varðar fræs af blendingum fóðurrepju skal það ræktað í jarðvegi þar sem liðið hafa fimm ár frá því að plöntur af *Cruciferae* voru síðast ræktaðar.“

b) Í stað töflunnar í 2. lið komi eftirfarandi:

Ræktun	Lágmarksfjarlægð
„ <i>Brassica</i> spp. nema <i>Brassica napus</i> , <i>Cannabis sativa</i> nema sambýlishampur, <i>Carthamus tinctorius</i> , <i>Carum carvi</i> , <i>Gossypium</i> spp. nema blendingar <i>Gossypium hirsutum</i> og/éða <i>Gossypium barbadense</i> , <i>Sinapis alba</i> :	
— við framleiðslu stofnfræs	400 m
— við framleiðslu vottaðs fræs	200 m
<i>Brassica napus</i> :	
— við framleiðslu stofnfræs af yrkjum, öðrum en blendingum	200 m
— við framleiðslu stofnfræs af blendingum	500 m
— við framleiðslu vottaðs fræs af yrkjum, öðrum en blendingum	100 m
— við framleiðslu vottaðs fræs af blendingum	300 m
<i>Cannabis sativa</i> , <i>monoecius hemp</i> :	
— við framleiðslu stofnfræs	5 000 m
— við framleiðslu vottaðs fræs	1 000 m
<i>Helianthus annuus</i> :	
— við framleiðslu stofnfræs af blendingum	1 500 m
— við framleiðslu stofnfræs af yrkjum, öðrum en blendingum	750 m
— við framleiðslu vottaðs fræs	500 m
<i>Gossypium hirsutum</i> og/éða <i>Gossypium barbadense</i> :	
— við framleiðslu stofnfræs af foreldralinum <i>Gossypium hirsutum</i>	600 m
— við framleiðslu stofnfræs af foreldralinum <i>Gossypium barbadense</i>	800 m
— við framleiðslu vottaðs fræs af blendingum <i>Gossypium hirsutum</i> innan tegundar	200 m
— við framleiðslu vottaðs fræs af blendingum <i>Gossypium barbadense</i> innan tegundar	600 m
— við framleiðslu vottaðs fræs af blendingum <i>Gossypium hirsutum</i> og <i>Gossypium barbadense</i> milli tegunda	600 m ⁺

c) Eftirfarandi komi í stað 3. liðar:

„3. „Ræktunin skal vera ósvikin og hrein að því er varðar yrki eða, ef um er að ræða ræktun skyldleikaræktaðrar línu, ósvikin og hrein að því er varðar einkenni hennar.

Við framleiðslu fræs af blendingsyrkjum gilda ákvæðin hér að framan einnig um þáttæiginleika, þ.m.t. karlófrjósemi eða endurheimt frjósemi.

Einkum skal ræktun *Brassica juncea*, *Brassica nigra*, *Cannabis sativa*, *Carthamus tinctorius*, *Carum carvi*, *Gossypium* spp. og blendinga af *Helianthus annuus* og *Brassica napus* samræmast eftirfarandi stöðlum eða öðrum skilyrðum:

A. *Brassica juncea*, *Brassica nigra*, *Cannabis sativa*, *Carthamus tinctorius*, *Carum carvi* og *Gossypium* spp. nema blendingar:

fjöldi plantna af tegundunum í ræktuninni, sem eru greinilega ekki af réttu yrki, má ekki vera meiri en:

— ein á hverja 30 m² við framleiðslu stofnfræs,

— ein á hverja 10 m² við framleiðslu vottaðs fræs.

B. Blendingar af *Helianthus annuus*:

- a) hlutfall af fjölda þeirra plantna, sem eru greinilega ekki af skyldleikaræktuðu línunni eða þættinum, má ekki vera meira en:
- aa) við framleiðslu stofnfræs:
- | | |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------|
| i) skyldleikaræktaðar línur | 0,2% |
| ii) einblendingar: | |
| — karlforeldri, plöntur sem losað hafa frjókorn á meðan 2% eða stærri hluti kvenplantanna hafa móttækileg blóm | 0,2% |
| — kvenforeldri | 0,5% |
- bb) við framleiðslu vottaðs fræs:
- | | |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------|
| — karlþáttur, plöntur sem losað hafa frjókorn á meðan 5% eða stærri hluti kvenplantanna hafa móttækileg blóm | 0,5% |
| — kvenþáttur | 1,0% |
- b) við framleiðslu fræs af blendingaryrkjum skal eftirtöldum stöðlum og öðrum skilyrðum fullnægt:
- aa) karlþáttarplönturnar skulu gefa frá sér nægilegt frjókornamagn á meðan kvenþáttarplönturnar eru í blóma,
- bb) ef kvenþáttarplöntur hafa móttækileg fræni skal hlutfall fjölda plantna, sem hafa losað frjókorn eða eru að losa frjókorn, ekki fara yfir 0,5% miðað við fjölda,
- cc) við framleiðslu stofnfræs má hlutfall kvenþáttarplantna, sem eru greinilega ekki af réttum þætti og sem hafa losað frjókorn eða eru að losa frjókorn, ekki fara yfir 0,5% miðað við fjölda,
- dd) ef ekki er hægt að uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2.-lið I. hluta II. viðauka skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt: nota skal karlófrjósemisþátt við framleiðslu vottaðs fræs með því að nota karlþátt sem inniheldur tiltekna endurheimtarlínu eða -línur þannig að þriðjungur plantanna hið minnsta, sem ræktaðar eru af blendingnum sem verður þá til, myndi frjókorn sem virðast eðlileg að öllu leyti.

C. Blendingar *Brassica napus*, framleiddir með því að nota karlófrjósemi:

- a) hlutfall af fjölda þeirra plantna, sem eru greinilega ekki af skyldleikaræktuðu línunni eða þættinum, má ekki vera meiri en:
- aa) við framleiðslu stofnfræs:
- | | |
|-----------------------------|------|
| i) skyldleikaræktaðar línur | 0,1% |
| ii) einblendingar: | |
| — karlþáttur | 0,1% |
| — kvenþáttur | 0,2% |
- bb) við framleiðslu vottaðs fræs:
- | | |
|--------------|------|
| — karlþáttur | 0,3% |
| — kvenþáttur | 1,0% |
- b) karlófrjósemi skal vera a.m.k. 99% við framleiðslu stofnfræs og 98% við framleiðslu vottaðs fræs. Karlófrjósemisstigið skal meta með því að kanna hvort frjóa fræla vantar á blóm.

D. Blendingar *Gossypium hirsutum* og *Gossypium barbadense*:

- a) við ræktun til að framleiða stofnfræ af foreldralinum *Gossypium hirsutum* og *Gossypium barbadense* skal lágmarkshreinleiki yrkis kven- og karlforeldralinanna vera 99,8% þegar 5% eða stærri hluti fræberandi plantna hefur blóm sem eru móttækileg frjókornum. Meta skal karlófrjósemisstig fræberandi foreldralínu með því að kanna hvort frjóir fræflar eru á blómum og skal það ekki vera lægra en 99,9%,
- b) við ræktun til að framleiða vottað fræ af blendingaryrkjum *Gossypium hirsutum* og/eða *Gossypium barbadense* skal lágmarkshreinleiki yrkis fræberandi foreldralínu og frjókornaforeldralínu vera 99,5% þegar 5% eða stærri hluti fræberandi plantna hefur blóm sem eru móttækileg frjókornum. Meta skal karlófrjósemisstig fræberandi foreldralínu með því að kanna hvort frjóir fræflar eru á blómum og skal það ekki vera lægra en 99,7%."
- d) Eftirfarandi komi í stað B-liðar 5. tölul.:

„B. Ef um er að ræða aðra ræktun en blendinga *Helianthus annuus*, *Brassica napus*, *Gossypium hirsutum* og *Gossypium barbadense* skal skoðun fara fram minnst einu sinni.

Ef um er að ræða blendinga *Helianthus annuus* skal skoðun fara fram minnst tvisvar sinnum.

Ef um er að ræða blendinga *Brassica napus* skal skoðun fara fram minnst þrisvar sinnum: fyrsta skoðun skal fara fram áður en blómgunarstigið hefst, önnur skoðun snemma á blómgunarstiginu og þriðja skoðun í lok blómgunarstigsins.

Ef um er að ræða blendinga *Gossypium hirsutum* og/eda *Gossypium barbadense* skal skoðun fara fram minnst þrisvar sinnum: fyrsta skoðun skal fara fram snemma á blómgunarstiginu, önnur skoðun áður en blómgunarstiginu lýkur og þriðja skoðun í lok blómgunarstigsins eftir að frjókomnafrumplönturnar hafa verið fjarlægðar eftir því sem við á.“

2. Ákvæðum 1. liðar II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í 1. lið. skal bæta við orðunum „nema blendingar“ á eftir orðunum „*Brassica napus*“.

b) Eftirfarandi 1. lið a skal bæta við á eftir 1. lið:

„1a. Ef um er að ræða blendinga *Brassica napus* framleidda með því að nota karlófrjósemi skal fræið uppfylla skilyrði og staðla sem settir eru fram í a- til d-lið.

a) Fræið skal vera hreint og ósvikið að því er varðar þáttaeiginleika þess, þ.m.t. karlófrjósemi eða endurheimt frjósemi.

b) Lágmarkshreinleiki hvers fræs skal vera a.m.k.:

— stofnfræ, kvenþáttur	99,0%
— stofnfræ, karlþáttur	99,9%
— vottað fræ	99,0%

c) Fræ er því aðeins viðurkennt sem vottað fræ að tekið sé fullt tillit til niðurstaðna úr opinberum eftirkönnunarprófunum á opinberum sýnum stofnfræs, teknum úr sáðreitum á vaxtarskeiði fræsins sem afhent er til vottunar sem vottað fræ, til að ganga úr skugga um að stofnsáðkornið uppfylli þær kröfur, sem mælt er fyrir um að því er varðar að stofnfræið sé ósvikið með tilliti til þáttaeinkenna, þ.m.t. karlófrjósemi, og staðla fyrir stofnfræ sem mælt er fyrir um í b-lið að því er varðar lágmarkshreinleika yrkis.

Ef um er að ræða stofnfræ af blendingum ber að meta hreinleika yrkis með viðeigandi lífefnafræðilegum aðferðum.

d) Fylgjast skal með stöðlum um lágmarksyrkishreinleika, sem mælt er fyrir um í b-lið að því er varðar vottað fræ af blendingum, með opinberum eftirkönnunarprófunum á sýnum sem tekin eru opinberlega. Nota ber lífefnafræðilegar aðferðir.

3. Eftirfarandi aa-lið skal bæta við á eftir a-lið í A-lið IV. viðauka:

„aa) Fyrir vottað fræ af samsettu yrki:

upplýsingarnar sem krafist er í a-lið, þó skal tilgreina heiti samsetta yrkisins í stað heitis yrkisins (upplýsingarnar „samsett yrki“ og heiti þess) og hundraðshluta miðað við þyngd einstakra þátta í hverju yrki. Nægilegt er að tilgreina heiti samsetta yrkisins ef búið er að tilkynna kaupandanum skriflega, samkvæmt beiðni, um hundraðshluta, miðað við þyngd, og skrá opinberlega.“

REGLUGERÐ

um (14.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

1. gr.

Við 4. töflu um hýdroxý-hliðstæður amínósýra í A. lið um skrá yfir afurðaflokka og efni í 4. viðauka II. kafla í samræmi við tilskipun 2003/104/EB bætist:

Heiti afurðaflokks	Heiti afurðar	Táknun nærandi efnis eða örverutegund	Næringarefnablanda (forskrift, ef við á)	Einkenni á samsetningu afurða	Dýrategund	Sérákvæði
„4.1 Hliðstæða metíónín	4.1.3 Ísóprópylestri af hydroxy-hliðstæðu metíónins	CH ₃ -S-(CH ₂) ₂ -CH(OH)-COO-CH-(CH ₃) ₂	—	— Einhliða estri: að lágmarki 90% — Raki: að hámarki 1%	Mjólkurkýr	Upplýsingar á merkimiða eða umbúðum afurðarinnar: — Ísóprópylestri af 2-hýdroxy-4-metýlþíóbútansýru Upplýsingar á merkingu eða umbúðum fódurböndunnar: — Hliðstæðan metíónín: Ísóprópylestri af 2-hýdroxy-4-metýlþíóbútansýru — Hundraðshluti íblöndunar hliðstæðunnar metíóníns í fóðrinu.“

2. gr.

B. hluti um hámarksmörk fyrir innihald óæskilegra efna í afurðum sem ætlaðar eru í fóður í 1. viðauka um óæskileg efni í II. kafla breytist í samræmi við tilskipun 2003/100/EB á eftirfarandi hátt:

1. Eftirfarandi komi í stað 1., 2. og 3. liðar:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksstyrkur í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
„1. Arsen (°)	Fóðurefni, að undanskildu: — mjöli úr grasi, þurrkuðum refasmára og þurrkuðum smára, þurrkuðu sykurrófumauki og þurrkuðu melassa sykurrófumauki — pálmakjarnaköku — fosfötum og kalkkenndum sjávarþörungum — kalsíumkarbónati — magnesíumoxíði — fódri sem fellur til við vinnslu fisks eða vinnslu annarra sjávardýra — þörungamjöli og fóðurefnum úr þörungamjöli Heilfóður, að undanskildu: — heilfóðri fyrir fisk og heilfóðri fyrir loðdýr Fóðurbætur, að undanskildu: — steinefnafóðri	2 4 4 (°) 10 15 20 15 (°) 40 (°) 2 6 (°) 4 12
2. Blý	Fóðurefni, að undanskildu: — grænfóðri — fosfötum og kalkkenndum sjávarþörungum — kalsíumkarbónati — geri Heilfóður Fóðurbætur, að undanskildu: — steinefnafóðri	10 40 15 20 5 5 10 15
3. Flúor	Fóðurefni, að undanskildu: — fódri úr dýraríkinu að undanskildum sjávarkrabbadýrum, s.s. krílum — fosfötum og sjávarkrabbadýrum, s.s. krílum — kalsíumkarbónati	150 500 2 000 350

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksstyrkur í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
	— magnesíumoxíði	600
	— kalkkenndum sjávarþörungum	1 000
	Heilfóður, að undanskildu:	150
	— heilfóðri fyrir nautgripi, sauðfé og geitur	
	— á mjólkurskeiði	30
	— annað	50
	— heilfóðri fyrir svín	100
	— heilfóðri fyrir alifugla	350
	— heilfóðri fyrir kjúklinga	250
	Steinefnablöndur fyrir nautgripi, sauðfé og geitur	2 000 ⁽¹⁾
	Annar fóðurbætur	125 ⁽²⁾

⁽¹⁾ Aðildarríkin geta einnig mælt fyrir um hámarksinnihald flúors sem er 1,25% af fosfatinnihaldinu.

⁽²⁾ Flúorinnihald fyrir hvert 1% af fosfór.

⁽³⁾ Hámarksgildið vísar til heildarstyrks arsens.

⁽⁴⁾ Rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð, skal, að beiðni lögbærna yfirvalda, láta fara fram greiningu til þess að sýna fram á að innihald ólifræns arsens sé minna en 2 milljónarhlutar. Þessi greining er sérlega mikilvæg að því er varðar þörungategundina *Hizikia fusiforme*."

2. Í stað 7. liðar komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksstyrkur í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
„7. Aflatoxín B1	Öll fýðurefni	0,02
	Heilfóður fyrir nautgripi, kindur og geitur, að undanskildu:	0,02
	— heilfóðri fyrir mjólkandi dýr	0,005
	— heilfóðri fyrir kálfa og lömb	0,01
	Heilfóður fyrir svín og alifugla (að undanskildu ungvíði)	0,02
	Annað heilfóður	0,01
	Fóðurbætur fyrir nautgripi, sauðfé og geitur (að undanskildum fóðurbæti fyrir mjólkandi dýr, kálfa og lömb)	0,02
	Fóðurbætur fyrir svín og alifugla (að undanskildu ungvíði)	0,02
	Annar fóðurbætur	0,005 ⁴

3. Í stað 9. liðar komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksstyrkur í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
„9. Óbundið gossýpól	Fýðurefni, að undanskildu:	20
	— baðmullarfræi	5 000
	— baðmullarfræskökum og baðmullarfræsmjöli	1 200

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksstyrkur í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
	Heilfóður, að undanskildu:	20
	— heilfóðri fyrir nautgripi, sauðfé og geitur	500
	— heilfóðri fyrir alifugla (að undanskildum varphænum) og kálfa	100
	— heilfóðri fyrir kanínur og svín (að undanskildum mjólkurgrísam)	60“

4. Í stað 22. liðar komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksstyrkur í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
(1)	(2)	(3)
„22. Endósúlfan (summa alfa- og beta-myndbrigða og endósúlfansúlfats, gefið upp sem endósúlfan)	Allt fóður, að undanskildu: — maís og afurðum úr vinnslu hans — olíufræjum og afurðum úr vinnslu þeirra — heilfóðri fyrir fisk	0,1 0,2 0,5 0,005“

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og til innleiðingar á tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar nr. 2003/100/EB og 2003/104/EB samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 34 frá 23. apríl 2004. Reglugerðin tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. apríl 2004.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ungbarnablöndur og stoðblöndur, nr. 735/1997.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi skilgreining:

Varnarefni eru efni sem notuð eru m.a. gegn illgresi, sveppum og meindýrum við framleiðslu eða geymslu matvæla.

2. gr.

Heiti II. kafla verður svohljóðandi:

II. KAFLI

Samsetning og efnainnihald.

3. gr.

3. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Í ungbarnablöndum og stoðblöndum skulu ekki vera nein efni í því magni sem stefnt getur heilsu ungbarna og smábarna í hættu. Þá skal hámarks magn leifa þeirra varnarefna sem tilgreind eru í viðauka IX ekki vera hærra en þar kemur fram og 0,01 mg/kg fyrir önnur efni í ungbarnablöndum og stoðblöndum sem eru tilbúnar til neyslu eða endurgerðar samkvæmt fyrirmælum frá framleiðanda.

Varnarefnin í viðaukum X og XI er óheimilt að nota við framleiðslu á landbúnaðar-afurðum sem ætlaðar eru til framleiðslu á ungbarnablöndum og stoðblöndum.

Við eftirlit gildir eftirfarandi viðmið um magn varnarefna:

1. Varnarefnin í viðauka X eru ekki talin hafa verið notuð ef leifar þeirra eru ekki meiri en 0,003 mg í hverju kg af ungbarnablöndum og stoðblöndum eins og þær eru tilbúnar til neyslu eða endurgerðar samkvæmt fyrirmælum frá framleiðanda enda er það minnsta greinanlegt magn þessara efna.
2. Varnarefnin í viðauka XI eru ekki talin hafa verið notuð ef leifar þeirra eru ekki meiri en 0,003 mg í hverju kg af ungbarnablöndum og stoðblöndum eins og þær eru tilbúnar til neyslu eða endurgerðar samkvæmt fyrirmælum frá framleiðanda.

Nota skal staðlaðar og almennt viðurkenndar aðferðir við greiningu á magni varnarefnaleifa.

4. gr.

4. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Ungbarnablöndur og stoðblöndur er eingöngu heimilt að framleiða úr próteinum og öðrum innihaldsefnum sem viðurkennd eru, samkvæmt niðurstöðum vísindalegra rannsókna, sem sérfæði fyrir ungbörn og smábörn. Við framleiðsluna skal eingöngu nota þau orku- og bætiefni sem skilgreind eru í viðaukum I-VI ásamt tilgreindum skilyrðum. Ungbarnablöndur og stoðblöndur skulu framleiddar þannig að einungis þurfi að bæta í þær vatni fyrir neyslu.

5. gr.

Við reglugerðina bætist eftirfarandi viðauki:

VIÐAUKI IX

Hámarks magn varnarefnaleifa eða niðurbrotsefna þeirra í ungbarnablöndum og stoðblöndum, tilbúnum til neyslu eða tilreiddum samkvæmt fyrirmælum frá framleiðanda:

Efnaheiti	Hámarksgildi varnarefna eða niðurbrotsefna þeirra (mg/kg)
Kadúsafos	0,006
Demeton-S-metýl/demeton-S-metýl sulfon/oxýdemeton-metýl (saman eða í sitt hvoru lagi, gefið upp sem demeton-S-metýl)	0,006
Etoprófos	0,008
Fípróníl (samanlagt fípróníl og fípróníl-dí-súlfínýl, gefið upp sem fípróníl)	0,004
Própíneb/própýlenþíóúrea	0,006

6. gr.

Við reglugerðina bætist eftirfarandi viðauki:

VIÐAUKI X

Varnarefni sem óheimilt er að nota við framleiðslu á landbúnaðarafurðum sem ætlaðar eru til framleiðslu á ungbarnablöndum og stoðblöndum:

Efnaheiti (skv. skilgreiningu á varnarefnaleifum)
Dísúlfon (samanlagt dísúlfoton, dísúlfoton súlfoxíð, dísúlfon sulfon, gefið upp sem dísúlfóton)
Fensúlfópíon (samanlagt fensúlfópíon, súrefnishliðstæðu þess og þeirra súlfónum, gefið upp sem fensúlfópíon)
Fentin, gefið upp sem trífenýltín jákvætt hlaðin jón (tryphenyltín cation)
Haloxýfóp (samanlagt haloxýfóp, sölt þeirra efna og esterar á beygðu formi) gefið upp sem fensulfotíon
Heptaklór og <i>trans</i> -heptaklór epoxíð, gefið upp sem heptaklór
Hexaklórbenzen
Nítrófen
Ómetoat
Terbúfos (samanlagt terbúfos, súlfoxíði þess og sulfóni, gefið upp sem terbúfos)

7. gr.

Við reglugerðin bætist eftirfarandi viðauki:

VIÐAUKI XI

Varnarefni sem óheimilt er að nota við framleiðslu á landbúnaðarafurðum sem ætlaðar eru til framleiðslu á ungbarnablöndum og stoðblöndum:

Efnaheiti
Aldrín og díeldrín, ritað sem díeldrín
Endrín

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 og til innleiðingar á tilskipun 2003/14/EB sem vísað er til í 4. tölul. XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 27. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUR

um val á nemendum til náms í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri.

Fjöldi þeirra nemenda, sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild, miðast við grunntöluna 36.

Við val á þessum nemendum verður beitt eftirfarandi reglum:

1. Prófað verður í öllum þeim námskeiðum, sem kennd eru á haustmisseri 1. námsárs. Nemendur verða að taka öll prófin á sama námsári og valið fer fram. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf.
2. Prófað verður úr fimm námskeiðum. Vægi þeirra er sem hér segir:

Hjúkrunarfræði I (3 ein.)	20%
Heimspeki (3 ein.)	20%
Líffærafræði I (2 ein.)	15%
Vöxtur og þroski (3 ein.)	20%
Vefja- og frumulíffræði (4 ein.)	25%

Heildareinkunn úr hverju námskeiði skal reiknuð í heilum tölum, frá 1–10. Þær einkunnir eru síðan aðlagðar ofangreindu vægi. Heildareinkunn í numerus clausus er vegið meðaltal úr einstökum námskeiðum og skal hún gefin upp með tveimur aukastöfum. Þessi einkunn er lögð til grundvallar við niðurröðun nemenda varðandi áframhaldandi nám.

3. Skipa skal prófdómara skv. reglum, sem um þá gilda, (sbr. gildandi prófareglur HA, samþykktar af háskólaráði 18. desember 2003) fyrir allar prófgreinar samkeppnisprófsins. Heildareinkunn í námskeiði er gefin í heilum tölum og er meðaltal einkunnar kennarans og prófdómarans. Einkunnir kennara og prófdómara skulu gefnar upp með einum aukastaf.
4. Að einkunnum kunngerðum, skv. lið 3, fer engin endurskoðun fram á þeim á vegum heilbrigðisdeilda.
5. Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll áður en próf hefst. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið. Það

sama gildir um nemanda sem ekki mætir til prófs vegna veikinda barns. Ef halda þarf sjúkrapróf skulu þau haldin svo fljótt sem auðið er.

6. Þeim nemendum, sem ná prófum í öllum námsgreinum haustmíssisris 1. námsárs, er raðað eftir lækkandi meðaleinkunn. Nemandi telst ekki hafa staðist próf nema hann hljóti einkunnina 5 minnst. Ef tveir eða fleiri nemendur eru jafnir í síðasta sæti skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormíssisri 1. námsárs.
7. Verði niðurstaða úr prófum slík, að ekki nái 36 nemendur lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum skal brugðist við með eftirfarandi hætti: Nemendum sem ekki náðu lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum er raðað eftir lækkandi meðaleinkunn. Sá sem hefur hæsta meðaleinkunn hlýtur fyrsta lausa sætið og síðan koll af kalli eftir lækkandi meðaleinkunn þar til nemendatölunni 36 er náð. Að þessu vali loknu gilda almennar prófareglur háskólans um próf á fyrsta námsári í hjúkrunarfræði.
8. Segi nemandi, sem öðlast hefur rétt til setu á vormíssisri 1. námsárs, sæti sínu lausu innan tveggja vikna frá upphafi vormíssisris, skal þeim sem hæsta meðaleinkunn hefur meðal brottfallinna nemenda boðið sætið.
9. Nemandi sem ekki hefur aflað sér réttar til setu á vormíssisri skv. ofangreindum reglum telst ekki skrásettur nemandi í brautinni.
10. Ef það er fyrirsjáanlegt fyrir upphaf prófatímabils samkeppnisprófa að 36 nemendur eða færri komi til með að þreyta prófin falla reglur þessar sjálfkrafa úr gildi.
11. Háskólaráði er heimilt í sérstökum tilvikum, að veita undanþágur frá reglum þessum.

Háskólanum á Akureyri, 16. apríl 2004.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
varaforseti háskólaráðs.*

REGLUR

um val á nemendum til náms í iðjuþjálfun við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri.

Fjöldi þeirra nemenda, sem öðlast rétt til náms á vormíssisri 1. námsárs í iðjuþjálfun við heilbrigðisdeild, miðast við grunntöluna 18.

Við val á þessum nemendum verður beitt eftirfarandi reglum:

1. Prófað verður í öllum þeim námskeiðum, sem kennd eru á haustmíssisri 1. námsárs. Nemendur verða að taka öll prófin á sama námsári og valið fer fram. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf.
2. Prófað verður úr fimm námskeiðum. Vægi þeirra er sem hér segir:

Inngangur að iðjuþjálfun (2 ein.)	15%
Heimspeki (3 ein.)	20%
Líffærafræði I (3 ein.)	20%
Vöxtur og þroski (3 ein.)	20%
Vefja- og frumulíffræði (4 ein.)	25%

Heildareinkunn úr hverju námskeiði skal reiknuð í heilum tölum, frá 1–10. Þær einkunnir eru síðan aðlagðar ofangreindu vægi. Heildareinkunn í numerus clausus er vegið meðaltal úr einstökum námskeiðum og skal hún gefin upp með tveimur aukastöfum. Þessi einkunn er lögð til grundvallar við niðurröðun nemenda varðandi áframhaldandi nám.

3. Skipa skal prófdómara skv. reglum, sem um þá gilda, (sbr. gildandi prófareglur HA, samþykktar af háskólaráði 18. desember 2003) fyrir allar prófgreinar samkeppnisprófsins. Heildareinkunn í námskeiði er gefin í heilum tölum og er meðaltal einkunnar kennarans og prófdómarans. Einkunnir kennara og prófdómara skulu gefnar upp með einum aukastaf.
4. Að einkunnum kunngerðum, skv. lið 3, fer engin endurskoðun fram á þeim á vegum heilbrigðisdeildar.
5. Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll áður en próf hefst. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið. Það sama gildir um nemanda sem ekki mætir til prófs vegna veikinda barns. Ef halda þarf sjúkrapróf skulu þau haldin svo fljótt sem auðið er.
6. Þeim nemendum, sem ná prófum í öllum námsgreinum haustmíssis 1. námsárs, er raðað eftir lækkandi meðaleinkunn. Nemandi telst ekki hafa staðist próf nema hann hljóti einkunnina 5 minnst. Ef tveir eða fleiri nemendur eru jafnir í síðasta sæti skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormíssis 1. námsárs.
7. Verði niðurstaða úr prófum slík, að ekki nái 18 nemendur lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum skal brugðist við með eftirfarandi hætti: Nemendum sem ekki náðu lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum er raðað eftir lækkandi meðaleinkunn. Sá sem hefur hæsta meðaleinkunn hlýtur fyrsta lausa sætið og síðan koll af kalli eftir lækkandi meðaleinkunn þar til nemendatölunni 18 er náð. Að þessu vali loknu gilda almennar prófareglur háskólans um próf á fyrsta námsári í iðjuþjálfun.
8. Segi nemandi, sem öðlast hefur rétt til setu á vormíssis 1. námsárs, sæti sínu lausu innan tveggja vikna frá upphafi vormíssis, skal þeim sem hæsta meðaleinkunn hefur meðal brottfallinna nemenda boðið sætið.
9. Nemandi sem ekki hefur aflað sér réttar til setu á vormíssis skv. ofangreindum reglum telst ekki skrásettur nemandi í brautinni.
10. Ef það er fyrirsjáanlegt fyrir upphaf prófatímabils samkeppnisprófa að 18 nemendur eða færri komi til með að þreyta prófin falla reglur þessar sjálfkrafa úr gildi.
11. Háskólaráði er heimilt í sérstökum tilvikum, að veita undanþágur frá reglum þessum.

Háskólanum á Akureyri, 16. apríl 2004.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
varaforseti háskólaráðs.*

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Eyjafjarðarsveit.

I. KAFLI

Hundahald.

1. gr.

Hunda- og kattahald í lögsagnarumdæmi Eyjafjarðarsveitar er háð leyfi og bundið þeim skilyrðum, sem nánar eru tilgreind í samþykkt þessari og ber eigendum og umráðamönnun þessara dýra að fara að fyrirmælum samþykktarinnar í einu og öllu.

2. gr.

Lögráða eiganda eða umráðamanni er skylt að skrá hunda sem eru eldri en 3ja mánaða á skrifstofu sveitarfélagsins. Þar skal skrá nafn og lögheimili eiganda eða umráðamanns og heiti hunds, aldur, kyn, litarhátt og eftir atvikum önnur einkenni. Við skráningu skal hundurinn hafa verið örmerktur.

3. gr.

Við skráningu hunds skal framvísa vottorði um ábyrgðartryggingu viðurkennds tryggingafélags og skal tryggingin ná til alls þess tjóns sem hundurinn kann að valda. Þegar fyrirhugað er að halda hund í fjölbýlishúsi er skylt að leggja fram skriflegt samþykki annarra íbúa og/eða eigenda, sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými. Við skráningu skal eiganda afhent eintak af samþykkt þessari.

4. gr.

Eigandi eða umráðamaður skulu gæta þess vel að hundurinn valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri, nema í fylgd með manni sem hefur fulla stjórn á honum. Eigandi er ábyrgur fyrir því tjóni sem hundur hans sannanlega veldur. Ef hundur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá er skylt að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Þeim, sem hefur hund í för með sér, er skylt að fjarlægja saur, sem hundurinn lætur eftir sig á almannafæri.

5. gr.

Óheimilt er að fara með hunda inn í verslanir, matvælavinnslur, veitingastaði, samkomuhús, skóla, leikvelli, almennar skrifstofur, snyrtistofur, íþróttastöðvar, heilbrigðisstofnanir og aðra sambærilega staði. Þegar hundur er í festi á húslóð, skal lengd festarinnar við það miðuð, að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins. Óviðkomandi skulu ekki gefa sig að hundum, hvorki með klappi né öðru atferli, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Hundahald er óheimilt í húsnæði sveitarfélagsins nema með sérstöku leyfi sveitarstjóra.

6. gr.

Ef hundur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna hundinn. Eftirlitsmaður með dýrahaldi skal handsama hund, sem er óleyfilegur eða gengur laus á almannafæri og auglýsa að hann hafi verið tekinn í vörslu. Hafi hundsins ekki verið vitjað innan 7 daga frá birtingu auglýsingar skal ráðstafa honum til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður. Kostnaður vegna handsömunar og vörslu á hundi skal greiddur af eiganda eða forráðamanni. Heimilt er að lóga hættulegum hundum þegar í stað.

7. gr.

Eigendur hunda skulu sjá til þess að hundar þeirra séu ormahreinsaðir árlega. Fyrir lok janúar ár hvert skal hundeigandi framvísa á skrifstofu sveitarfélagsins vottorði um ormahreinsun og staðfestingu á endurnýjun ábyrgðartryggingar. Hvatt er til reglulegra bólusetninga hunda gegn helstu smitsjúkdómum þeirra.

8. gr.

Greiða skal í sveitarsjóð árlegt gjald vegna hundahalds samkvæmt gjaldskrá. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

II. KAFLI

Kattahald.

9. gr.

Eigandi og umráðamenn skulu gæta þess að kötturinn valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá er skylt að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Kattaeigendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem kettir þeirra sannanlega valda. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólöggráða barna sinna.

10. gr.

Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um eiganda, heimilisfang og símanúmer.

11. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum takmarka útiveru katta.

12. gr.

Ketti skal ormahreinsa reglulega, þ.e. einu sinni á ári, eða oftár eftir þörfum. Eigendur skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta. Hvatt er til reglulegra bólusetninga katta gegn helstu smitsjúkdómum þeirra.

13. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn. Eftirlitsmanni með dýrahaldi er heimilt að handsama kött, sem undan er kvartað. Auglýsa skal handsömun kattar. Hafi kattarinn ekki verið vitjað innan 7 daga frá birtingu auglýsingarinnar skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður. Kostnaður vegna handsömunar og vörslu á ketti skal greiddur af eiganda. Dýraeftirlitsmanni er heimilt að eyða ómerktum flækingsköttum.

III. KAFLI

Önnur ákvæði.

14. gr.

Eigendur og forráðamenn hunda eða katta skulu sæta skriflegri áminningu fyrir brot á samþykkt þessari. Sveitarstjórn er heimilt að banna eða takmarka rétt viðkomandi til dýrahalds af þessum toga ef fyrir liggja skriflegar kvartanir um ónæði eða hættu sem dýrin eru sannanlega völd að.

15. gr.

Eftirlitsmaður með dýrahaldi í Eyjafjarðarsveit annast framkvæmd og eftirlit með hunda- og kattahaldi í umboði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra og getur hann leitað aðstoðar lögregluyfirvalda þegar þörf krefur. Sveitarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd samþykktar þessarar, s.s. um eftirlit, hreinsun o.fl. Um brot gegn samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með áorðnum breytingum.

16. gr.

Samþykkt þessi, sem samin hefur verið af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar og samþykkt af heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 440/1996 um hunda- og kattahald í Eyjafjarðarsveit.

Umhverfisstjórnuneytinu, 28. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um gatnagerðargjald í Hafnarfirði.

Almenn heimild.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem eru á eignar- eða leigulóðum í Hafnarfirði, skal greiða gatnagerðargjald eftir því sem nánar segir til um í gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Ráðstöfun gatnagerðargjalds.

2. gr.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í Hafnarfirði. Undir það fellur kostnaður við umferðarmannvirki með tilheyrandi lögnum fráveitu og vatnsveitu, ásamt götulýsingu, lagningu bundins slitlags, gangstéttum, umferðareyjum, gangstígum, opnum svæðum og leiksvæðum. Kostnaður við annað, sem óhjákvæmilegt er í hverfum, svo sem gróðursetningu innan hverfis og á aðliggjandi svæðum, hljóðmanir, snjógirðingar og flóðvarnir svo og rekstur jarðvegstippa o.þ.u.l. greiðist einnig af gatnagerðargjöldum.

Grunnur gatnagerðargjalds.

3. gr.

1. a. Af hverjum fermetra lóðar fyrir einbýlis-, rað- og parhúsalóðir greiðist kr. 4.793.
- b. Af hverjum fermetra fjölbýlishúss, atvinnuhúsnæðis, gripahúss og annars húsnæðis greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í húsbyggingu eins og

hann er hverju sinni í vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, eins og hér greinir.

Gjald pr. fermetra skal tilgreint í heilum krónum.

- | | | |
|-----------------------------|------|-----------|
| - Fjölbýlishús | 7,5% | kr. 6.837 |
| - Atvinnuhúsnæði | 7,5% | kr. 6.837 |
| - Gripahús og annað húsnæði | 5% | kr. 4.558 |

Af íbúðarhúsnæði í sömu byggingu og atvinnuhúsnæði er greitt skv. atvinnuhúsnæði.

2. Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu.

4. gr.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 20% og lækka hana um allt að 20%.
Breytingar á gjaldskrá skv. þessari grein skulu taka mið af sérstökum aðstæðum innan hverfa s.s. erfiðum lóðum í vinnslu, óhagstæðri staðsetningu eða öðru sem valdið getur umtalsverðum auknum kostnaði við undirbúning framkvæmda.
2. Ákveði bæjarstjórn að hækka eða lækka gjaldskrá nýrra hverfa eða byggðarkjarna sbr. 1. tl., skal það liggja fyrir jafnhliða útgáfu skipulags- og byggingarskilmála viðkomandi hverfa.
3. Bæjarstjórn er heimilt að leita tilboða í tiltekna lóðir þar sem sérstaklega stendur á m.a. þar sem ætlast er til að lóðarhafi annist gatnagerðarframkvæmdir að hluta eða að bæjarstjórn hyggst kaupa hluta áformaðra framkvæmda lóðarhafa.

Lágmarksgjald.

5. gr.

1. Við ákvörðun lágmarksgatnagerðargjalds við úthlutun byggingarréttar á lóð skal að jafnaði miða við eftirfarandi stærðir:

- Fjölbýlishús	120 m ² pr. íbúð
- Atvinnuhúsnæði	75% af nýtingarhlutfalli lóðar
- Gripahús og annað húsnæði	200 m ² í húsi
2. Reikna skal flatarmál húsa samkvæmt ÍST 50 um flatarmál og rúmmál bygginga og miða við brúttóstærðir. Bílgeymslur, milliloft og útihús skal telja með við útreikning á flatarmáli húsa.
3. Af atvinnuhúsnæði greiðist að lágmarki fyrir 75% af byggingarmagni skv. nýtingarhlutfalli í deiliskipulagi. Bæjarstjórn getur þó vikið frá þessari reglu í sérstökum tilvikum.

Greiðsluskilmálar.

6. gr.

1. Gatnagerðargjald af einbýlis-, par- og raðhúsum skal greiða innan mánaðar frá dagsetningu tilkynningar til lóðarhafa um úthlutunina og með þeim skilmálum sem bæjarráð ákveður. Ef ekki er greitt innan tilskilins frest fellur lóðarúthlutunin sjálfkrafa úr gildi án sérstakrar tilkynningar þar um.
2. Lágmarksgatnagerðargjald fyrir fjölbýlis-, atvinnu- og gripahús og annað húsnæði, sem ákveðið er við úthlutun byggingarréttar á lóð, skal greitt innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningar til lóðarhafa um úthlutunina og með þeim skilmálum, sem bæjarráð ákveður. Ef ekki er greitt innan tilskilins frests fellur úthlutunin sjálfkrafa úr gildi án sérstakrar tilkynningar þar um.

3. Af flatarmáli fjölbýlis-, atvinnu- og gripahúsa og annars húsnæðis, sem er umfram lágmarksgatnagerðargjald samkvæmt 1. tl. 5. gr., skal greiða gatnagerðargjald samkvæmt þeirri gjaldskrá, sem gildir þegar byggingarleyfið er samþykkt. Viðbótargatnagerðargjald ásamt þjónustugjöldum umhverfis- og tæknisviðs skal greiða áður en byggingarleyfið er gefið út.
4. Gatnagerðargjald verður ekki endurgreitt þó minna sé byggt en lágmarksgjaldið miðast við.
5. Gatnagerðargjald af byggingum, sem samþykktar eru á eignarlóðum, skal greitt áður en byggingarleyfi er gefið út.

Undantekningar.

7. gr.

Gatnagerðargjald skal lækkað eða fellt niður þegar svo stendur á, sem í 1.-4. tl. þessarar málsgreinar segir:

1. Af yfirbyggðum göngugötum eða léttum tengibyggingum í eða á milli verslunar- og/eða skrifstofuhúsa, sem teljast til sameignar viðkomandi húss og/eða húsa og eru til almenningsnota á afgreiðslutíma viðkomandi verslana/skrifstofa, skal greiða 25% af venjulegu fermetragjaldi verslunar- og skrifstofuhúsa. Skilyrði þessa er þó að hús, sem yfirbygging eða tengibygging er byggð við, sé svo sjálfstætt, að það fullnægi kröfum byggingarlaganna og -reglugerðar án hennar og jafnframt að yfir- eða tengibyggingin sé þannig úr garði gerð, að hún fullnægi ekki aðeins sérkröfum byggingarlaganna og -reglugerðar.
2. Af auknu flatarmáli fjölbýlishúsa 10 ára og eldri, sem leiðir af endurbótum á þeim, t.d. með byggingu anddyris, yfirbyggingu svala, glerskálum o.þ.h. skal ekki greiða gatnagerðargjald, enda nemi stækkunin ekki meiru en 1/3 hluta af flatarmáli íbúðarinnar og aldrei meiru en 30 m² á hverja íbúð. Tilheyri stækkunin sameign fjölbýlishúss, skal meta hana eins og ef um stækkun vegna einnar íbúðar væri að ræða. Við ákvörðun gatnagerðargjalds samkvæmt þessum tölulíð skal meta í einu lagi þær stækkanir, sem samþykktar hafa verið á sama húsi næstu 5 árin á undan.
3. Af þeim hluta atvinnuhúsnæðis, sem er undir 1,8 metra lofthæð, skal greiða hálf gjald. Fyrir lagnakjallara/lagnaleiðir greiðist ekki gatnagerðargjald.
4. Af sameiginlegum bifreiðageymslum fyrir þrjár eða fleiri bifreiðar, sem byggðar eru samkvæmt skipulagsskilmálum og koma í stað bifreiðastæða, skal greiða 25% af fermetragjaldi þeirra fjölbýlishúsa, sem þær eiga að þjóna.

Samþykki skipulags- og byggingarráð breytingar á húsnæði eða notkun húsnæðis, sem undanþágur þessarar greinar taka til, þannig að það uppfylli ekki lengur skilyrði til lækkunar gatnagerðargjalds skal greiða gatnagerðargjald af því húsnæði skv. gildandi gjaldskrá, að teknu tilliti til þess sem áður hefur verið greitt vegna sama húsnæðis. Ef veitt er undanþága frá greiðslu gatnagerðargjalds samkvæmt 1.- 4. tl. 1. mgr. skal þinglýsa yfirlýsingu á viðkomandi eign um að breytt notkun húsnæðisins geti leitt til greiðslu gatnagerðargjalds.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.

8. gr.

Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð, skal gatnagerðargjald endurgreitt og verðbætt miðað við vísitölu byggingarkostnaðar eftir því sem kveðið er á um í gjaldskrá þessari. Heimilt er að fresta endurgreiðslu uns lóðinni hefur verið úthlutað að nýju, þó ekki lengur en í 6 mánuði frá því að lóðinni var skilað. Sama gildir ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á byggingar- og skipulagsskilmálum svo og úthlutunarskilmálum. Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar skal stuðst við 9. gr. reglugerðar nr. 543/1996.

9. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár hennar.

Breytt notkun húss.

10. gr.

1. Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færist í hærri gjaldflokk skv. gjaldskrá, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna. Ef húseign færist í lægri gjaldflokk við slíkar breytingar greiðist ekki gatnagerðargjald og húseigandi á ekki rétt á endurgreiðslu.
2. Bæjarráði er heimilt að setja nánari skilmála um tilhögun greiðslu gatnagerðargjalds skv. 1. tl.

Álagning gatnagerðargjalds m.a. ef hús er rifið eða það brennur.

11. gr.

Þegar hús er rifið eða fjarlægð af lóð og nýtt byggt í staðinn, er heimilt að innheimta gatnagerðargjald af því er stækkuninni nemur. Sama gildir ef hús brennur og byggt er nýtt hús á lóð.

Inneign gatnagerðargjalds til frádráttar.

12. gr.

Ef byggt er nýtt hús eða byggt við eldra hús á lóð, sem greitt hefur verið lágmarks-gatnagerðargjald af fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, skal viðbótargatnagerðargjald reiknað eins og hér segir:

1. Ef bygging eða byggingar sem fyrir eru á viðkomandi lóð eru minni að flatarmáli en sem svarar því, sem lágmarksgatnagerðargjaldið var miðað við, skal sá hluti hins greidda gjalds, sem þannig stendur eftir, verðbættur miðað við vísitölu byggingarkostnaðar frá greiðsludegi til þess dags, þegar nýtt byggingarleyfi er samþykkt, og koma þannig til frádráttar við ákvörðun viðbótargatnagerðargjalds.
2. Ef bygging eða byggingar sem fyrir eru á lóð eru jafn stórar eða stærri að flatarmáli en sem svarar því, sem lágmarksgatnagerðargjaldið var miðað við, skal greiða viðbótargatnagerðargjald samkvæmt 3. tl. 6. gr.

Áfangaskipti framkvæmda.

13. gr.

Í þeim tilvikum að lóðarhafi ætli að byggja í áföngum, getur bæjarráð heimilað áfangaskiptingu og þá skal gatnagerðargjald hverju sinni vera skv. gjaldskrá sem í gildi er þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið.

Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í umsókn um úthlutun lóðar að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum.

Verði heimiluð áfangaskipti falla áætluð gjöld í gjalddaga í samræmi við samþykkt áfangaskiptingu eða samþykktir bæjarráðs.

Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld.

14. gr.

Samningar um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Hafnarfjarðarbæ fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi

gatnagerðargjöld sem bæjaryfirvöld hafa sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi eða lóðar-eigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu sbr. 2. tl. í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 17/1996 nema aðilar séu um annað sáttir.

15. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 6. apríl 2004, skv. lög-um nr. 17/1996 og 11. grein reglugerðar um gatnagerðargjöld nr. 543/1996.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut að eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá frá 24. júní 1997 um gatnagerðargjöld í Hafnarfirði.

Hafnarfirði, 6. apríl 2004.

Lúðvík Geirsson bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

um heimild færeyskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 2004.

1. gr.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við fær-eyisk stjórnvöld um heimildir skipa frá Færeyjum til veiða á síld úr norsk-íslenska síldar-stofninum í fiskveiðilandhelgi Íslands á árinu 2004.

2. gr.

Veiðar sbr. 1. gr. innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi eru óheimilar nema að fengnu sér-stöku leyfi Fiskistofu. Um borð í veiðiskipi skal vera staðfesting þess að viðkomandi skip hafi leyfi til síldveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands og ennfremur reglur, sem um síldveiðarn-ar gilda.

3. gr.

Sunnan 67°00'N er færeyskum skipum óheimilt að stunda síldveiðar vestan 11°30'V. Aðeins skal 8 færeyskum skipum heimilt að stunda síldveiðar samtímis í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið skv. 2. gr. til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar þar sem fram komi veiðisvæði, veiðitími og aflí í hverju togi eða kasti. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum lýkur.

Veiðarfæri, sem ætluð eru til annarra veiða en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

5. gr.

Skip sem leyfi hafa fengið til síldveiða sbr. 2. gr. skulu búin fjarskiptabúnaði sem send-ir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin.

6. gr.

Tilkynna skal Eftirlitsstöðinni siglingu skipsins inn í íslenska lögsögu með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Eftirlitsstöðinni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

7. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 06.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Eftirlitsstöðinni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Aflí síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða aflí frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða, sundurliðaður eftir tegundum.

8. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Eftirlitsstöðinni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokutilkynning“ (exit report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Aflí síðan síðasta aflatilkynning var send, sundurliðaður eftir tegundum.

9. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Eftirlitsstöðinni tilkynningu um það með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkyning“ (control report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Eftirlitsstöðinni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr.

10. gr.

Tilkynningar samkvæmt 6.-9. gr. skal senda á íslensku eða ensku og skulu tímasetningar vera samkvæmt íslenskum tíma (UTC).

11. gr.

Skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nema annað sé sérstaklega ákveðið í reglugerð þessari og sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

12. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu. Heimilt er ráðuneytinu að ákveða að skipin skuli sigla inn og út úr fiskveiðilandhelginni á tilteknum athugunarstöðvum og að þeim beri að tilkynna komu sína á þá með ákveðnum fyrirvara.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

13. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð, áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. maí 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Daníels Þórs Hilmarssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Daníels Þórs Hilmarssonar. Daníel Þór fæddist 8. febrúar 1964 og lést 29. desember 2002. Sjóðurinn er stofnaður af fjölskyldu Daníels Þórs.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla skíðaþróttina í Dalvíkurbyggð.

3. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Dalvíkurbyggð.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2.000.000, fengið með minningargjöfum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og jafn mörgum til vara sem eru kjörnir þannig:

Helga Bryndís Magnúsdóttir, kt. 020564-5989, skipar einn stjórnarmann.

Afkomendur Daníels Þórs skipa einn stjórnarmann.

Stjórn Skíðafélags Dalvíkur skipar einn stjórnarmann.

Varamenn skulu tilnefndir af aðalmönnum. Stjórnin skipti með sér verkum.

Stjórnarmenn sitja ótímabundið í stjórn en framangreindum aðilum sem stjórnina skipa er heimilt hvenær sem er að skipta um stjórnarmann. Við fráfall Helgu Bryndísar Magnúsdóttur skipa afkomendur Daníels Þórs Hilmarssonar tvo stjórnarmenn.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins, tekur allar ákvarðanir um rekstur hans og hvernig markmiðum sjóðsins sé best náð. Stjórnin skal skrá samþykktir sínar í gjörðabók.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög, vextir og arður af eignum hans og annað það sem sjóðnum kann að áskotnast.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita af tekjum hans og óbundinni eign styrki í samræmi við tilgang hans. Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum og setur sér frekari úthlutunarreglur. Stjórnarmenn hljóta ekki þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins. Ávaxta skal stofnfé sjóðsins í Sparisjóði Svarfdæla. Ekki er heimilt að skerða stofnfé sjóðsins.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og lagðir fyrir stjórn sjóðsins sem sendir Ríkisendurskoðun þá í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki allra aðal- og varamanna í stjórn og staðfestingu dómsmálaráðherra. Samþykki sömu aðila þarf til þess að leggja sjóðinn niður og skal eignum hans þá ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. apríl 2004.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

SAMÞYKKT

um kattahald á Suðurnesjum.

1. gr.

Kattahald á Suðurnesjum sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Allir heimiliskettir skulu skráðir hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja gegn greiðslu leyfisgjalds. Leyfisgjaldið skal standa straum af kostnaði við eftirlit með kattahaldi og greiðist einu sinni við skráningu kattarins. Við skráningu skal eigandi/umráðamaður framvísa vottorði frá dýralækni um örmerkingu eða húðflúrmerkingu og spóluormahreinsun kattarins.

3. gr.

Gjald samkvæmt 2. gr. skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélögin á Suðurnesjum setja að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélögin skulu láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

5. gr.

Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en 1 mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.

6. gr.

Um kattahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

7. gr.

Ketti skal merkja með örmerki undir húð á miðjum herðakambi eða húðflúri í hægra eyra samkvæmt reglum sem Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja setur. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja heldur skrá yfir merкта ketti. Eigendum katta er skylt að tilkynna embættinu um breytingar á heimilisfangi.

8. gr.

Eiganda eða umráðamanni kattar er skylt að láta ormahreinsa kött sinn árlega og ber hann allan kostnað af hreinsun hans. Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri. Eigandi eða umráðamaður skal geyma hreinsunarvottorð í þrjú ár og framvísa því við eftirlitsaðila ef óskað er.

9. gr.

Leyfishafa er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Leyfishafa ber að greiða það tjón sem köttur hans veldur, svo og allan kostnað við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

10. gr.

Leyfishafi skal hafa kött sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafyrirtæki. Váttryggingin skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Váttryggingaupphæð verði samkvæmt almennum skilmálum tryggingafélaga.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villi- eða flækingsköttum. Í því skyni er heimilt að koma fyrir búrum, agni eða sambærilegum tækjum til að fanga ketti. Ómerktur köttur sem fangaður er þannig skal geymdur í 7 daga. Hafi kattarinn ekki verið vitjað innan þess tíma skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, hann seldur fyrir áföllnum kostnaði eða aflífaður. Ef eigandi gefur sig fram skal hann greiða leyfisgjald og áfallinn kostnað.

12. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

13. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af öllum sveitarstjórnnum á Suðurnesjum staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 28. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald á Suðurnesjum.

1. gr.

Eigendur katta á Suðurnesjum skulu greiða Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald á Suðurnesjum.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattarins skal innheimta gjald að upphæð kr. 15.000. Þeir eigendur katta sem skrá ketti sína hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja innan 3 mánaða frá dagsetningu þessarar samþykktar greiða kr. 10.000.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af öllum sveitarstjórnnum á Suðurnesjum með vísan í samþykkt um kattahald á Suðurnesjum nr. 395/2004 frá 28. apríl 2004, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Suðurnesjum, 10. maí 2004.

F.h. sveitarfélaga á Suðurnesjum,

Magnús H. Guðjónsson,

framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Sultartangalína 3 og Brennimelslína 1, Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. apríl 2004 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.

Breytingin felst í nýrri 400 kV háspennulínu, Sultartangalínu 3 (SU3), sem liggur um mörg sveitarfélög milli tengivirkis í Sultartangastöð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og að tengivirki á Brennimel í Hvalfjarðarstrandarhreppi. Línan kemur inn á skipulagssvæðið við Sesseljuhrygg, liggur niður Kúhalladal og um Ferstikluháls, Saurbæjarháls, Brennifell, Svarf-hólsháls og niður Seldal að Brennimel. Jafnframt eru gerðar breytingar á Brennimelslínu 1 frá Ferstiklu að Brennimel, þannig að línan verður endurbyggð sem 400 kV lína og mun liggja um 50 m sunnan við og samsíða SU3. Á breytingarupprætti eru einnig gerðar lagfæringar á legu Brennimelslínu 1 og Sultartangalínu 1 þar sem ónákvæmni gætti í framsetningu þeirra í gildandi svæðisskipulagi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Hvalfjarðarstrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 26. apríl 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
387	27. apríl	Reglugerð um (14.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri	1007-1010
388	27. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð um ungbarnablöndur og stoðblöndur, nr. 735/1997	1011-1013
389	16. apríl	Reglur um val á nemendum til náms í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri	1013-1014
390	16. apríl	Reglur um val á nemendum til náms í iðjuþjálfun við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri	1014-1015
391	28. apríl	Samþykkt um hunda- og kattahald í Eyjafjarðarsveit	1016-1018
392	6. apríl	Gjaldskrá um gatnagerðargjald í Hafnarfirði	1018-1022
393	4. maí	Reglugerð um heimild færeyskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 2004	1022-1024
394	26. apríl	Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Daníels Þórs Hilmarssonar	1025-1026
395	28. apríl	Samþykkt um kattahald á Suðurnesjum	1026-1027
396	10. maí	Gjaldskrá fyrir kattahald á Suðurnesjum	1027-1028
397	26. apríl	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Sultartangalína 3 og Brennimelslína 1, Hvalfjarðarstrandarhreppi	1028

